

# birta

með slitna skó

SÖGUR ERU ÓMISSANDI  
FYRIR MANNKYNIÐ

» Guðrún Eva Mínervudóttir

HEITT OG HLÝTT

» Blaðauki um vetrartísku

*Fjölskyldan  
er í fyrsta sæti*

» Þórður Guðjónsson

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN  
11. – 17. nóvember

L' O R

**12 SINNUM MEIRA UMFANG AUGNHÁRANNA.  
TAKMARKALOUS DJÖRFUNG!**

Aishwarya Rai sést hér með Volume Shocking í svörtum lit

# É

# A


# L

PARIS

## NÝTT VOLUME SHOCKING

TVÖFALDUR MASKARI SEM EYKUR UMFANG AUGNHÁRANNA

**SKREF 1:** Grunnur sem undirbýr og mótar augnhárin þannig að útkoman verður enn greinilegri.



**SKREF 2:** Greiða sem inniheldur maskara auk blöndu sem eykur umfang augnháranna og lengir þau.



4 ára rannsóknir á 16 einstaklingum. Vísindalega sönnuð áhrif. ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILID.





# Allt fyrir jólaundirbúninginn!

## Nýtt kortatímabil!

Í Kringlunni finnur þú allt sem þú þarft til að undirbúa jólin og koma þér og þínum í jólaskap. Komdu við og njóttu notalegrar stemningar!

**Kringlan**  
ER MEÐ ALLT FYRIR JÓLIN

	Mán. til mið.	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
<b>Verslanir</b>	10.00 til 18.30	10.00 til 21.00	10.00 til 19.00	10.00 til 18.00	13.00 til 17.00
<b>Ævintýraland</b>	14.00 til 18.30	14.00 til 19.00	14.00 til 19.00	11.00 til 18.00	13.00 til 17.00

**Veitingastaðir og Kringlubíó**  
hafa opið lengur á kvöldin

[www.kringlan.is](http://www.kringlan.is) / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200





22



16



14



26

### Þetta helst

- 7 Sumarbústaður er felustaður í skammdeginu
- 8 Tíðarandi
- 10 Brennsla Gunnars í Jakobínurínu
- 12 Fylgihlutir fyrir karlmenn
- 14 Ómissandi sögur Guðrúnar Evu Mínervudóttur

### Viðtöl

- 16 Guðjón Þórðarson: Fjölskyldan er í fyrsta sæti
- 20 Ann Norderhang: Vill að búskapurinn haldi sér.

### Hann/hún

- 22 Fullkomlega steiktur fiskur
- 24 Gott úr grænmeti
- 28 Þórhildur Elín með barn undir belti
- 28 Börn og stærðfræði
- 32 Anna Tryggvadóttir skrifar frá Jórdaníu
- 32 Stjörnuspáin
- 34 Margrét R. Jónasdóttir veit allt um útlitið
- 36 Litaðu í þig hollustuna

### Vetrartískan

- 38 Þjóðleg tíska
- 40 Fallegar peysur úr Noa Noa
- 42 Stjörnur í dúðum
- 46 Húfutetur, hálsklút þó
- 48 Svo loðið og svo mjúkt
- 50 Ullarvörur með tilgang
- 52 Flískjolar í smábarnadeildinni

### Í hverju blaði

- 32 Stjörnuspá
- 54 Krossgáta
- 55 Sjónvarpsdagskrá næstu viku

**birta**

11. nóvember - 17. nóvember 2005 nr. 45

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar  
 RITSTJÓRAR: Steinunn Stefánsdóttir  
 steinunn@frettabladid.is  
 og Sigríður Björg Tómasdóttir  
 sigridur@frettabladid.is  
 ÁBYRGÐARMADUR: Steinunn Stefánsdóttir  
 RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR:  
 Skaftahló 24, 105 Reykjavík, sími 550 5000  
 DREIFING: Pósthúsið ehf., sími 585 8330

AUGLÝSINGAR:  
 Laila Awad / laila@365.is  
 Sölustjóri 550 5848 / 824 2356  
 Ester Sigurðardóttir / ester@365.is  
 Sölufulltrúi 550 5828 / 899 7600  
 Ámundi Ámundason / amundi@frettabladid.is  
 Sölufulltrúi 550 5811 / 821 7514  
 Henný Sif Bjarnadóttir / henny@365.is  
 Sölufulltrúi 550 5834 / 862 0780

UMBROT: 365 – prentmiðlar  
 Kristín Agnarsdóttir og Einar Elfi Magnússon  
 PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf.  
 FORSÍÐUMYND: Hari  
 NETFANG: birta@frettabladid.is  
 Birta er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi og Hveragerði.

# Colt snýr aftur



Verð frá **1.485.000 kr.**

MASC stöðugleikastýring • ABS hemlalæsisvörn • EBD hemlajöfnunarkerfi  
MATC spyrnustýring • Aksturstölva • Hiti í framsætum

## Gullna stýrið og bíll ársins í Danmörku



Mitsubishi Colt snýr aftur eftir langa bið og óhætt að segja að hún hefur verið þess virði.

Bíllinn hefur sópað að sér verðlaunum, enda kostirnir augljósir: glæsileg hönnun, mikið innra rými með mikla möguleika, nýjar öflugar 94 og 109 hestafla vélar, 6 hraða „Allshift“ sjálfskipting og margt fleira. Colt er óvenju vel búinn miðað við aðra bíla í sama stærðarflokki.

Komdu og prófaðu hann.






## Langt langt uppi sveit...

» Sumarbústaður er frábær felustaður fyrir stressinu.

Eftir því sem jólin nálgast og skammdegið eykst örlar meira á stressi og áhyggjum í sálartetrum þjóðarinnar. Til að snúa vörn í sókn er tilvalið að skella sér í bústað yfir helgi með ástinni sinni og skilja símana eftir heima. Langar legur í heita pottinum eða við arineldinn geta endurnýjað rafhlöðurnar og jafnvel neistann sem var upphaflega kveikjan að sambandinu. Njótið þess að vera í návist hvor annars án alls utanaðkomandi áreitis. Hlustið hvort á annað, horfið hvort á annað og leikið við hvort annað. Passið bara að sjálf sumarbústaðaferðin verði ekki of stressandi. Hafið matinn einfaldan en góðan, sleppið því að hugsa um vinnuna, skólann eða enska boltann og uppgötvíð að þið þurfið í raun aðeins eitt: hvort annað. Eftir unaðslega helgi mætið þið svo aftur í siðmenninguna og spyrjið: „Stress, hvað er nú það?“



| heitt & kalt |

**NOTUÐ FÖT** Furðulegt nokk. Nú er heitt að vera í notuðum förum. Tískustrauarnir sem ráða ríkjum núna eru mjög frjalsir og smart að raða saman ólíkum tegundum í eitt sett. Margar tískufatabúðir eru með stíl sem er áþekkur þeim sem finnst í búðum með notuðum fötum og kjörið að blanda saman gömlu og nýju.

**BÓKALESTUR** Jólábókaflóðið er um það bil að skella á. Bókaunnendur þurfa því að taka sig til og byggja upp lestrarþol. Jólin eru stutt í ár, ekki mikill tími til bókalesturs og því gott að geta komist yfir allavega eina bók á dag.

**PALLIETTUR** Pallietturnar voru heitar í sumar og standa á tímamótum núan. Í erlendum tískublöðum bregður fyrir myndum af flikum sem þaktar eru palliettum og spennandi verður að sjá hvort gljái palliettanna fölni eða komi til með að lýsa upp veturinn.

**AÐ VERA EINS OG ALLIR AÐRIR** Núna leitast allir við að vera spes og einsakir. Á tímum fjölbreyttrar tisku er ekki flott að vera í eins buxum eða jökkum og hálfur bærinn er í. Frumkvæði er málið, einsleitni er úti. Skapaðu þinn eigin stíl.

**AÐ NOTA EKKI ENDURSKINSMERKI** Skammdegid er komið og við verðum að sjást. Munum að kveikja á bílljósunum og umfram allt er alveg glatað að nota ekki endurskinsmerki. Það finnst engum töff að vera fyrir bíl.

» Jólaskipulagning

## Tímanlegir jólapakkar



Nú er ekki vinsælt að kaupa jólagjafirnar á síðasta snúningi. Nei, alltaf fjölgar þeim sem halda í leiðangur sinn í nóvemberbyrjun, jafnvel októberlok, og klára jólainnkaupin þá. Það er líka yndislegt að geta einbeitt sér að því skemmtilega á aðventunni (þó jóla kaup geti vissulega verið ágæt í litlum skömmtum), lesið bækur og andað rólega. Ef fólk vill endilega finna smjörþefinn af jólastressi getur það einfaldlega geymt einn auðveldan pakka fyrir Þorláksmessudag.

» Vetrartíð

## Beljur á svelli í lakkskóm

Opnir skór og sandalar eru ekki uppáhald táslanna þessa dagana. Enda er kalt, það er frost og göturnar hálar. Þegar skóvalið stendur yfir á morgnana vona tærnar að þær fái eitthvað hlýtt þeim til verndar og bossinn vonar að valdir verða skór með gripi svo hann þurfi ekki að taka fall vegna sleipra skóa allan liðlangan daginn. Einnig er það ekkert sérlega tignarlegt að vera með glenntar lappir á hálkubletti, með bossann út í loftið eða dansa eins og teiknimyndafígúra á svellinu. Það er kannski fyndið, en ekki fagað. Það núllar allavega út finu skónna þegar maður er eins og belja á svelli. Veljum bara gönguskó.



» Ísfólkið

## Fyrstu tvær af fjörutíu og sjö

Í vetrarhríð bar fundum þeirra Þengils og Silju fyrst saman og það er aldrei betri tími til að byrja að lesa Söguna um Ísfólkið en einmitt þegar aðkenning af vetrarhríð skellur á. Og þeir sem hafa þrætt fornbókasóluvarn í órvæntingu árum saman í leit að Ísfólksbókum geta nú tekið gleði sína og dansað trylltan nornadans í kringum bál að eigin vali. Jentas-útgáfan hefur loks tekið þessa þurfalinga upp á arma sína og hafið endurútgáfu á bókunum um Ísfólkið. Fyrstu tvær bækurnar í ritróðinni eru komnar út en alls telur hún fjörutíu og sjö bækur og það er langbest að vera með frá byrjun.



» Sparnaður

## Margt smátt gerir eitt stórt

Verðbólguþrágurinn er víst farinn að láta á sér kræla. Ráðamenn eru farnir að svitna yfir eyðslu landans og veggir Seðlabankans eru farnir að þenjast til allra hliða. Það er alltaf góður tími til að spara en kannski má segja að nú sé kjörinn tími. Jólin á næsta leiti og allir kannast við eyðslusamviskuna sem hangir yfir okkur í janúar. Nú eru bankarnir ekki bara kubbabyggingar sem passa peninga fyrir þjófum. Bankarnir bjóða líka upp á námskeið og sparnaðarleiðir allt miðað að því að láta peningana vinna fyrir þig en ekki ófugt. Munið bara að margt smátt gerir eitt stórt.







# Hver kallar köttinn sinn Snata?

## Við sumum spurningum fást bara engin svör.

Óhöpp henda okkur og við því er ekkert að gera.

En þú getur brugðist við strax með því að tryggja hjá tryggingarfélagi sem gefur þér skýr svör og leggur áherslu á hraðvirkan frágang tjónamála.

Þú átt kannski kunningja sem er öðruvísi en fólk er flest. Honum gæti alveg dottið í hug að fá sér kött og kalla hann Snata. Grunlaus skokkar þú í heimsókn með hundinn þinn og allt fer í háaloft. Þegar hundurinn þinn lendir í slysi er gott að vera rétt tryggður. Gæludýratrygging TM er ekki flókinn hlutur og það tekur enga stund að ganga frá henni.

### Gæludýratryggingar TM skiptast í fjóra þætti:

#### Ábyrgðartryggingu, Sjúkrakostnaðartryggingu, Gæslutryggingu og Líf- og heilsutryggingu.

##### Dæmi um hvað Sjúkrakostnaðartrygging TM bætir:

- // Útgjöld til dýralækna eða dýraspítala vegna skoðunar og meðferðar á gæludýrinu þínu færðu bætt.
- // Tannviðgerðir vegna slysa eru bættar.
- // Útgjöld vegna læknisrannsóknar á dýrinu eru bætt, s.s. fyrir röntgenmyndir, línurit og rannsóknir á vefjum og öðrum sýnum.

##### Dæmi um hvað Sjúkrakostnaðartrygging TM bætir ekki:

- // Kostnaður vegna geldingar dýrs, ófrjósemisaðgerðar eða fæðingar afkvæma fæst ekki bættur.
- // Kostnaður vegna almennt skoðana, bólusetninga og meðferða til að fyrirbyggja eða lækna afleiðingar orma fæst ekki bættur.

Gæludýratrygging TM

TRYGGINGAMIDSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tryggingamidstodin.is / www.tryggingamidstodin.is





## brennslan mín ...

Gunnar Ragnarsson söngvari

### Úrelt vetrarstemning

Gunnar Ragnarsson, söngvari hinnar efnilegu hljómsveitar Jakobínurínu, er líklega sá yngsti hingað til sem hefur sett saman brennslu fyrir Birtu. Gunnar skoðar oft tónlist á netinu og segist hlaða niður mikið af tónlist þaðan. Í fyrstu var það reyndar frænka hans sem kynnti hann fyrir ýmsum hljómsveitum. „Síðan hafa góðir menn eins og til dæmis Þórir kynnt mér fyrir nýju efni og ég hef líka kynnst mörgu forvitnilegu í gegnum síðu Zúra gæjans, syrdur-rjomi.blogspot.com,“ segir Gunnar. „Brennsluna gerði ég þegar snjór var úti og það ríkir vetrarstemning yfir henni,“ en þegar Birta var á leið í prentun var snjórinn á bak og burt. „Það má því segja að listinn sé strax orðinn úreltur.“

- TRACK 1** SKÁTAR – HALLDÓR ÁSRÍMSSON Eina lagið í þessari brennslu sem passar ekki við árstíðina sem stríðir okkur núna. Algjör partíslagari og nútímaklassík.
- TRACK 2** ÞÓRIR / MY SUMMER AS A SALVATION SOLDIER – PLACEBOS AND PLASTIC KNIVES Nýja platan hans, Anarchists are hopeless romantics, er frábært verk. Þetta lag er hápunkturinn.
- TRACK 3** SIGUR RÓS – SÆGLÓPUR Takk stóðst væntingar mínar sem voru gífurlega háar. Ég hlakka til 27. nóvember.
- TRACK 4** EFTERKLANG – SWARMING Þessir Danir (og tvær íslenskar stelpur, held ég) hafa örugglega einhvern tímann hlustað á Jónsa & co.. Tripper er gæðarinnar dúllu plata. Mæli með þessu.
- TRACK 5** KARATE – THIS DAY NEXT YEAR Djass indí rokk. Gott tjill á köldum vetrardegi.
- TRACK 6** OKKERVIL RIVER – FOR REAL Black Sheep Boy er ein besta plata þessa árs og For Real er það lag sem ég hef hlustað oftast á á þessu ári.
- TRACK 7** LOW – MEDICINE MAGAZINES Ein besta hljómsveit undanfarna ára og eru tónleikar Alan Sparhawk (söngvarinn) í Listasafni Reykjavíkur mér mjög minnstæðir.
- TRACK 8** THE SMITHS – I KNOW IT'S OVER „If you are so funny, then why are you on your own tonight?“ Meistarí Morrissey er kunnugur sínum kexum.
- TRACK 9** IMOGEN HEAP – HIDE AND SEEK Ótrúlega fallett lag sem gulltryggir mörg tár frá unglíngum Vesturlanda þegar það birtist í enda annarrar seríu O.C.
- TRACK 10** HLÖÐVER – KOMINN TÍMI TIL Þessi maður er að gera allt vílaust innan veggja Norðurkjallara og það er bara tímaspursmál hvenær hann slær í gegn.

### » birta mælir með...

... **ÞÆFINGARNÁMSKEIÐUM Í SKAMMDEGINU** Þæfingarnámskeið bjóðast nú um land allt, og er fátt skemmtilegra en að sullumalla með sápu og ull í heilan dag, og labba svo út með flotta vettlinga eða tösku. Ullarskóli Íslands starfar í Ullarvinnslunni Þingborg rétt fyrir austan Selfoss, og þar er til dæmis hægt að fara á skemmtileg námskeið fyrir fáa í einu, sem tryggir að maður fær alla þá leiðsögn sem þörf er á.



**DJASSKVÖLDI Á KAFFI ROSENBERG** Unnendur góðrar djasstónlistar og blúss ættu að gera sér ferð reglulega á Kaffi Rosenberg í Lækjargötu. Þar eru reglulega haldin þrusugóð djasskvöld þar sem allskyns tónlistarmenn koma fram, bæði erlendir og innlendir. Nú um helgina ætla trío Robin Nolan að leika fyrir gesti og gangandi. Andrea Gylfa, Patagónía og Helgi Valur ætla einnig að þenja veggj Rósenberg með ljúfum tónum í komandi viku. Kaffi Rósenberg er þar að auki mjög „djasslegur“ staður ef svo má að orði komast.

... **NÆTURVAKTINNI EFTIR KIRINO NATSUO.** Þessi snilldarlega ofna glæpasaga segir frá fjórum vinkonum í Tókýó sem lenda í meiriháttar hremmingum þegar ein þeirra verður eiginmanni sínum að bana og hinar ákveða að hjálpa henni að losna við líkið. Persónurnar eru áhugaverðar og spennan stigmagnast jafnt og þétt þar til hún nær hámarki í mögnuðu lokappgjöri. Næturvaktin er alvöru reyfari sem svíkur ekki.



## Aðeins meira en helmings

NÝTT

Súkkulaði er ekki það sama og súkkulaði, eins og allir vita sem á annað borð hafa áhuga á sætindum og matargerð. Eitt af því sem greinir eitt súkkulaði frá öðru er hlutfall kakós af heildarmassanum. Til eru súkkulaðistykki sem innihalda næstum 80% af kakói á kostnað annarra innihaldsefna og svo önnur sem innihalda svo lítið af kakói að þau eru hvít á litinn. Svo er auðvitað mjólkur-súkkulaðið og rjómasúkkulaðið sem er í kringum 30%. Nói-Síríus hefur hinsvegar sent á markaðinn nýtt súkkulaði sem ætti að henta miðlungsmannum betur en öll hin. Það er 56% súkkulaði, aðeins meira en helmingurinn er kakó, og það er „munúðarfull upplifun fyrir þá sem vilja kröftugan súkkulaði-keim með mikilli bragðfyllingu“ eins og segir á pakknum. Fyrir var til 70% súkkulaði frá Nóa-Síríus auk góða, gamla konsúm suðusúkkulaðsins sem svíkur seint. Nýja súkkulaðið er samt örugglega ánægjuleg viðbót við það sem fyrir var og allir ættu að gefa því tækifæri í jólabakstrinum. Súkkulaði er líka alltaf súkkulaði...namm!







# Sumir dagar eru slæmir dagar...

Blessunarlega eru flestir dagar fremur áfallalausir hjá íslenskum fjölskyldum. En sumir vilja samt hafa öll sín mál á hreinu. Það er engin tilviljun að um 25.000 fjölskyldur hafa valið F plús fjölskylduþryggingu VÍS.

Margir eiga hreinlega í erfiðleikum með að trúa því hversu viðtæk F plús tryggingin er. Hún felur í sér og veitir m.a.:

- Tryggingu á innbúi
- Farangurstryggingu á ferðalögum erlendis
- Ábyrgðartryggingu einstaklings
- Slysstryggingu í frítíma
- Umönnunartryggingu barna
- Afslátt af öðrum tryggingum
- Ferðasjúkra- og ferðarofstryggingu á ferðalögum erlendis
- Málskostnaðartryggingu
- Afslátt af öryggisvörum

Sjá nánar í skilmálum F plús tryggingar. Kynntu þér kosti F plús á [vis.is](http://vis.is) eða næstu þjónustuskrifstofu okkar.



## Flottir fylgihlutir fyrir huggulega herra menn

Nútímakarlmennt fylgjast vel með helstu tískuþrautum og stefnum. Þessi misserin eru fylgihlutir aðalmálið, líka fyrir strákana: Hattar, hanskar, skart, belti og töskur! Töskur til daglegra nota hafa hingað til ekki verið ofarlega á vinsældalistum karlanna en það breytist nú hægt og sígandi. Úrvalið af herratöskum hefur aldrei verið meira og margar búðir bjóða upp á ýmsar gerðir. Leðurtöskur í stærri kantinum eru vinsælar, sem og mjúkar töskur í hermanna stíl.

Svo er til allt þarna á milli, bæði fyrir þessum manninn og listamanninn, en þessum maðurinn heldur sig gjarnan við klassískar töskur, nútímaútgáfu af gömlu góðu skjalatöskunni, á meðan listamaðurinn skiptir örur um og setur þægindi fram yfir útlit.

Svo eru það hattarnir og treflarnir, hattarnir sækja á og treflarnir hafa þegar fest sig í sessi en þá er hægt að fá víðs vegar um bæinn í glaðlegum litum og úr gæðlegum efnum.

UMSJÓN: HILDUR HAFSTEIN



Grænn trefill kr. 1.690  
Topshop

Röndóttur trefill  
kr. 9.980 Boss

Bindi kr. 1.690 stk  
Topshop



Seólaveski kr. 1.390  
Topshop

Belti kr. 6.980  
Boss



Gylltur hringur kr. 799  
Topshop



Skyrtuhnappar kr. 4.980  
Boss



Armbönd kr. 1.290 stk  
Topshop

Köflóttir hanskar kr. 2.495  
Zara

Brún húfa kr. 1.995  
Zara



Hattur kr. 2.990  
Topshop



Grá húfa kr. 4.980  
Boss

Græn taska kr. 3.990  
Topshop



Sílfurskór kr. 12.980  
Boss

Brún stór taska  
kr. 12.995 Zara



Brúnir slönguskór  
kr. 8.495 Zara








**STR. 36-56**



Eddufelli 2, sími 557 1730  
Bæjarlind 6, sími 554 7030



**Peysudagar**

**20% afsláttur af  
peysum í nokkra daga**

**10 ár**  
í Mörkinni  
Tilboð í gangi  
Úlpur, stuttkápur,  
rúskinnsjakkar,  
leðurjakkar  
þunnir  
ullarjakkar,  
pelskápur,  
pelsjakkar, treflar  
-  
hattar og húfur  
50% afsláttur af  
ullarkápum í  
stærðunum 36-46



**KOPP HÚSÍÐ**

Mörkinni 6 - S: 588 5518  
Opið virka daga frá kl. 10-18  
og laugardaga frá 10-16

**La Guðrún**  
tískuverslu  
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077



Viðtal: EMELÍA ÖRÝLGISDÓTTIR Myndir: HEIÐA

# Sögur eru ómissandi fyrir mannkynið

» Bókin *Yosoy* – af líkamslistum og hugarvili í hryllingsleikhúsinu við Álafoss eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur var að koma út hjá Eddu miðlun. Guðrún Eva hefur sent frá sér fjöldann allan af skáldsögum og smásögum síðan fyrsta bók hennar, *Á meðan hann horfir á þig ertu María mey*, kom út fyrir sjö árum.

## TITILLINN Á NÝJU BÓKINNNI ÞINNI ER FREKAR LANGUR, HVERNIG STENDUR Á ÞVÍ?

Það var ekki af neinni sérstakri ástæðu, en mig langaði til að í titlinum kæmu fyrir orðin hugur og líkami, af því að bókin fjallar að miklu leyti um þessi fyrirbæri, hugann og líkamann, og hvernig þeir tengjast. Við erum svo föst í viðjum tungumálsins, tungumálið er tækið sem við notum til að hugsa, og vegna þess að málvenjur bjóða ekki upp á annað erum við von að hugsa um hugann og líkamann næstum eins og þeir væru draugur og hundurinn hans. Mig langaði líka til að titillinn gæfi góða vísbendingu um innihald bókarinnar og niðurstaðan varð þessi óþægi, óvenjulegi og alltof langi titill.

## HVENÆR BYRJAÐIR ÞÚ AÐ SKRIFA?

Ég var níttján ára þegar ég skrifaði mína fyrstu skáldsögu og það gerði ég í einum rykk. Það tók mig eitt ár, en hún kom aldrei út, sem betur fer kannski. Hún var frekar viðvaningsleg þótt í henni væru góðir sprettir. En þar á undan hafði ég aldrei skrifað neitt, ekki einu sinni ljóð í menntaskóla. Ég beit þetta bara í mig allt í einu.

## GANGA SÖGURNAR ÞÍNAR ÚT Á HUGMYNDIRNAR SEM ÞÚ FÆRÐ Í UPPHAFI EÐA BREYTAST ÞÆR ÞEGAR ÞÚ FERÐ AÐ SKRIFA?

Þær breytast alltaf. Ég ákveð kannski að ég ætli að skrifa sögu um eitthvað ákveðið og svo endar það bara sem smá kafla í sögu um eitthvað allt annað. Stephen King líkti þessu við að grafa upp risaæðlu. Þú byrjar með eitt bein og verður að fara mjög varlega því að þú veist ekki hvernig hún lítur út fyrr en allt er komið í ljós.

## ER BOÐSKAPUR Í SÖGUNUM ÞÍNUM?

Nei, ég er ekki mikið fyrir að segja fólki hvernig það á að hugsa, nema kannski í mesta lagi þegar ég gleymi mér í einkasamtölum og breytist í besservisser, en í skáldskapinn er innbyggður boðskapur sem ég held að sé heiminum mjög mikilvægur. Sögur eru ómissandi fyrir mannkynið því að þær hjálpa okkur að skilja til fulls að annað fólk er ekki dauðir hlutir. Þær sá fræjum samúðar í hjörtu fólks, þær framleiða samúð og hjálpa okkur að setja okkur í annarra spor. Og þá á ég ekki aðeins við skáldsögur, heldur sögur í öllum sínum fornum.

## SAMSAMARÐU ÞIG ÖÐRUM KVENRITHÖFUNDUM?

Ég er að sjálfsgöðu í innvortis systrabandalagi við aðrar konur sem eru að skrifa og aðrar konur almennt, en ég samsama mig ekki öðrum höfundum. Ég ætlaði ekki einu sinni að verða rithöfundur og flokka mig ekki með neinum. Ég held líka að það séu oftast einhverjir aðrir sem setja mann í ákveðinn flokk.

## ÁTTU ÞÉR EINHVERJA UPPÁHALDSSÖGU AF ÞEIM SEM ÞÚ HEFUR SJÁLF SKRIFAÐ?

Sagan sem er að koma út núna er mín langupphalds. Sartre sagði í sjálfsvísisögu sinni að honum væri alveg sama hvað fólk segði um bækurnar hans, hann treysti sér til að taka undir það sjálfur, hversu neikvætt sem það kynni að vera – eins lengi og fólk viðurkenni að hver bók væri skárri en sú næsta á undan. Það er sjónarmið sem ég get tekið undir. Flestir höfundar vaxa með hverri bók sinni og stundum í stórum stökkum.

# Flott föt á flotta krakka!



DU Pareil... au même

Laugavegur 17 og Kringlunni  
Sími 552-6744 og 588-6750

# AUSTURLAND

17. - 20. nóvember  
DAGAR MYRKURS

Skemmtun í skammdeginu á Austurlandi

KIKTU Á  
WWW.EAST.IS



MARKAÐSFRÉTTIR

# MIRALE

Full búð af glæsilegum jólagjöfum



20% afsláttur á vörum frá Ítalska framleiðandanum

**Oliver B. Casa**

laugardag og sunnudag



Oliver B.  
Casa



## MIRALE

Grensásvegi 8  
108 Reykjavík  
sími: 517 1020

opið:  
mán. - föstud. 11-18  
laugard. 11-16  
sunnud. 13-16

**ALESSI**

Mirale er eini viðurkenndi söluaðili Alessi á Íslandi



# Fjölskyldan í fyrsta sæti

» Þórður Guðjónsson mun á næsta ári snúa aftur á heimaslóðir. Eftir rúmlega tólf ár í atvinnumennsku þar sem skipst hafa á skin og skúrir hefur Þórður og fjölskylda hans ákveðið að snúa heim. Þórður mun á komandi sumri klæðast aftur hinum gula búningi Skagamanna sem honum þykir svo vænt um.

Þórður, sem nýlega hélt upp 32 ára afmælið sitt, segir að það hafi verið mun auðveldari ákvörðun en hann hafi haldið í fyrstu að fara aftur upp á Skipaskaga og spila fyrir þá gulklæddu á ný. „Það hefði verið mjög erfið ákvörðun að fara ekki í ÍA.“ Þórður er borinn og barnfæddur Skagamaður og talar ljúflega um æskuárin sín þar. „Það var mikið frjálstræði í æskunni. Ég lék mér myrkranna á milli og var frjáls eins og fuglinn. Foreldrarir höfðu litlar áhyggjur af mér, ég var annaðhvort í fótbolta eða í einhverjum öðrum ævintýrum. Ég á þess vegna margar góðar minningar síðan þá.“

Eins og kunnungt er þá er Þórður elstur þriggja bræðra og segist hann hafa byrjað að passa tveggja ára gamlan bróður sinn aðeins átta ára gamall. Hann hefur því alltaf haft ríka ábyrgðartilfinningu. Faðir Þórðar, Guðjón Þórðarson, er án efa þekktasti þjálfari okkar Íslendinga. Þekkt er að hann heldur uppi miklum aga jafnt innan vallar sem utan. Þórður segir að hann hafi þó ekki þrýst sérstaklega á synina að verða fótbolta menn. Ekki sé það þó skritið að allir bræðurnir séu fótboltamenn enda mikill fótboltaáhugi á heimilinu.

## HALDIÐ Í VÍKING

Sumarið 1993 í íslenska fótboltanum verður alltaf í minnum haft sem sumar Þórðs Guðjónssonar. Þar fór hann á kostum og

jafnaði fornfrægt markamet sem skilaði Skagamönnum Íslandsmeistaratitlinum. Þá, aðeins tuttugu ára gamall, hélt Þórður í viking, nánar tiltekið til Bochum í Þýskalandi. „Þetta var akkúrat sá tímunktur sem ég hafði hugsað mér að fara út. Ég hafði þroskast mikið sem leikmaður og hafði spilað fjögur tímabil í meistaraflokki. Ég hafði einnig klárað stúdentsprófið og næsta skref hjá mér var að fara utan. Þetta var mjög rökrett framhald í minni uppbyggingu og stefnu í lífinu. Plan b hjá mér hefði verið að fara í nám erlendis um haustið.“

Eftir fjögur lærdómsrík ár í Þýskalandi færði Þórður sig ásamt fjölskyldu til Genk í Belgíu. Þar blómstraði hann sem aldrei fyrr og vann bæði belgíska meistara- og bikarmeistaratitilinn og var jafnframt því kjörinn besti leikmaður deildarinnar af belgísku blaði. „Árin mín í Belgíu standa upp úr á mínum ferli. Við eignuðumst einnig mjög góða vini þar sem eiga sjálfsgagt eftir að vera vinir okkar til æviloka.“ Þórður segir hins vegar að Genk hafi ákveðið að selja hann meðan liðið gat fengið hátt verð fyrir hann, nokkuð sem hann var ekki sáttur við. En það var fátt annað í stöðunni fyrir Þórð en að fara frá liðinu. Hann vildi fara á suðrænar slóðir og því varð liðið Las Palmas, sem þá spilaði í efstu deild á Spáni, fyrir valinu.

## FJÖLSKYLDULÍFIÐ ÚR SKORÐUM

Þórður byrjaði með konu sinni Önnu Lilju

Valsdóttur þegar þau voru aðeins sautján ára gömul og hún fylgdi honum strax út og hefur staðið sem klettur við bakið á honum öll árin sem hann hefur verið í atvinnumennskunni. Ári eftir að þau héldu út eignuðust þau sína fyrstu dóttur Valdís Marselíu, árið 1997 kom Veronica Líf í heiminn og fyrir um mánuði síðan fæddist þriðja stúlka þeirra Önnu og Þórðar, Victoria Þórey. Þórður segir að sem atvinnumaður hafi hann mikið getað verið með fjölskyldunni og hafi ætíð sett hana í sæti númer eitt. Eftir örfáa mánuði á Kanaríeyjum segir Þórður hafa ákveðið að fara þaðan við fyrsta tækifæri vegna mikillar fjarveru frá fjölskyldunni.

„Ég er mikill fjölskyldumaður en þetta var ekkert fjölskyldulíf sem við lifðum þarna. Ég þurfti að fljúga í alla útileiki og það tók allt upp í þrjá til fjóra daga. Ég hittí dætur mínar því alltof lítið og ég hugsaði með mér strax að þetta væri líf sem ég vildi ekki lifa. Ég vil eyða tíma með fjölskyldunni.“

Þórður segir að það hafi gert hann að mjög dýrum leikmanni að fara í spænsku deildina sem gerði það líka að verkum að það var erfiðara fyrir hann að komast þaðan. Á Spáni fékk Þórður líka bestu launin. „Við lifðum mjög finu lífi þar, bjuggum í góðu húsnæði og höfðum það fint. Ég hef þó passað mig á því að eyða ekki um efni fram og reynt að hafa báðar fætur á jörðinni.“

Eftir tvö tímabil hjá Las Palmas þar sem

Þórður var meðal annars lánaður til ensku liðanna Derby og Preston ákvað Þórður og fjölskyldan að fara aftur til Bochum. „Ég hafði alltaf verið í góðu sambandi við Bochum og þeir vildu ólmir fá mig og þess vegna drifum við okkur til baka. Mér hefur liðið mjög vel í Þýskalandi allan þann tíma sem ég hef verið þar.“

#### SEINUSTU ÁR ATVINNUMENNSKUNNAR

Síðasta árið hjá Bochum var heldur magurt en Þórður vildi enda atvinnumennskuferilinn sinn með reisu. Hann hélt því til Íslandingsliðsins Stoke þar sem faðir hans hafði gert garðinn frægan. Þangað kom okkar maður fullur af bartsýni enda sögðu forvarsmenn Stoke að það vantaði leikmenn í þær stöður sem Þórður vildi leika í. Þessar væntingar urðu hins vegar að engu því þáverandi framkvæmdastjóri liðsins sagði honum strax á fyrsta degi að honum þætti sem svo að verið værið að þröngva Þórði inn í liðið án hans samþykkis. Þórður sá þess vegna strax í hvað stefndi.


Þetta var fyrir næstum því ári síðan og hefur Þórður á þeim tíma fengið afar fá tækifæri. Til þess að fullkomna martröðina þá var

*Ég hittí dætur mínar því alltof lítið og ég hugsaði með mér strax að þetta væri líf sem ég vildi ekki lifa. Ég vil eyða tíma með fjölskyldunni.*

fenginn nýr þjálfari til liðsins seinasta sumar sem reyndist vera sé hinn sami og hafði selt Þórð, gegnt hans vilja, frá Genk. Lífið á Englandi hefur þó ekki verið eintómt volæði. Bræður Þórðar, Bjarni og Jóhannes, og Guðjón faðir þeirra búa þar og því gafst tækifæri til að styrkja fjölskyldutengslin.

„Börn okkar bræðra hafa náð að kynnast vel og það má segja að það hafi bjargað Englandsdvölinni.“ Þórður segist vera í nær daglegu sambandi við Guðjón, föður sinn, og hann hafi ætíð hjálpað honum mikið með ráðleggingum sínum. Móðir Þórðar og faðir skildu árið 1984 og í fyrstu bjuggu allir bræðurnir þrír hjá móðurinni. Síðar





*Ég hef reynt að horfa á það jákvæða í lífinu en aftur á móti hef ég líka séð hvað peningar skemma mikið í lífi fólks*

var tekin sú ákvörðun að Þórður myndi einn flytja til föður síns. „Það má samt segja sem svo að ég og móðir mín séum á margan hátt mun líkari en ég og faðir minn. Þau hafa samt bæði stutt mig dyggilega, á sinn mismunandi hátt, og er ég afar þakklátur fyrir það.“

**GLÖÐ AÐ VERA LOKSINS Á LEIÐINNI HEIM** Þórður segir að fjölskyldan hafi ákveðið það fyrir löngu síðan að halda aftur heim til Íslands árið 2006. Þórður kom síðan hingað í seinustu viku, bæði til þess að undirbúa heimkomuna og til þess að fylgja afa sínum og nafna til grafar en Þórður var mjög ná tengdur honum. „Hann var sú persóna sem ég leit hvað mest upp til í lífinu. Hann hefur verið mér fyrirmynd í mörgu sem ég hef tekið mér fyrir hendur. Það sem mér hefur þótt erfiðast var að vera svona í langt í burtu frá honum á þessum erfiðu tímum.“

Þórður segir að það hafi aldrei verið í stöðunni að búa til frambúðar erlendis, þau hjónin hafi ætíð ætlað sér að snúa heim á Skipaskaga. Það var síðan enn og aftur fjölskyldutryggingin sem átti stóran þátt í að Þórður valdi ÍA umfram önnur lið, hann

vildi ekki að þurfa að keyra daglega til Reykjavíkur til að sækja æfingar. Þórður býst við að fjölskyldan komi heim einhvern tímann eftir áramót. Þá ætlar hann að koma fjölskyldunni fyrir, spila fótbolta og næsta haust ætlar hann að ákveða hvað hann gerir í framtíðinni.

„Það getur vel farið svo að ég setjist á skólabekk. Læri til dæmis eitthvað varðandi heilsugeirann eða annað slíkt. Það er bara eitthvað sem ég ætla að gefa mér góðan tíma í að skoða og athuga hvað er í boði. Það er hins vegar ljóst að þegar ég kem heim þá er atvinnumennskuferlinum lokið. Við erum komin til Íslands til að vera, þó maður eigi náttúrulega aldrei að segja aldrei. Kannski að maður eyði eitthvað af efri árum á Las Palmas,“ segir Þórður og hlær.


#### FJÖLSKYLDAN ÖLL KEMUR HEIM REYNSLUNNI RÍKARI

Þórður kveðst koma reynslunni ríkari úr atvinnumenskunni og segir að fyrst og fremst hafi það verið ævintýraþráin sem hafi drifið bæði hann og fjölskylduna sína áfram. „Ég held það að hafa búið í svona mörgum löndum, kynnst fólki frá mis-

munandi þjóðernum, ólíkum hefðum, menningu og nýjum tungumálum sé einhver mesta reynsla sem ég hef fengið út úr þessu. Að sjálfsögðu hef ég að auki lært mikið í mannlegum samskiptum í gegnum fótboltann. Ég hef reynt að horfa á það jákvæða í lífinu en aftur á móti hef ég líka séð hvað peningar skemma mikið í lífi fólks.“ Þórður segir að allt þetta tólf ára ævintýri hafi gefið dætrum hans sérstaklega mikið. „Þær eru virkilega opnar og móttækilegar fyrir öllum breytingum og vandamálum. Það að þurfa að fara í skólann fyrsta daginn, kunna ekki stakt orð í tungumálinu og þurfa bara að bjarga sér hefur kennt þeim mjög mikið,“ segir Þórður stoltur. Hann segir að öll fjölskyldan sé mjög spennt fyrir heimkomunni. „Kannski það skondna við það er að dætur mínar hafa aldrei búið á Íslandi en þær tala alltaf um það þegar þeir eru að fara til Íslands að þær séu á leiðinni heim. Það er kannski lýsandi fyrir okkar fjölskyldu hvernig við lítum á Ísland. Þrátt fyrir að við höfum búið á prettánda ár í burtu þá hefur Ísland alltaf verið heima,“ segir Þórður að lokum bjartsýnn á framtíðina.



# HRÍFANDI ÆVISAGA HEILLANDI MANNESKJU



Bók  
sem setur  
kardímmur  
í dagana!



## Uppgjör brautryðjanda

Fyrsti íslenski kvenpresturinn, séra Auður Eir Vilhjálmisdóttir, gerir hér upp æviferilinn en veitir jafnframt lesendum margvíslega leiðsögn um hvernig á að lifa lífinu.

Edda Andrésdóttir, sjónvarps- og fjölmiðlakona, ræðir við Auði Eir og ritar sögu hennar af næmi og skilningi svo úr verður áhrifamikil bók.

  
Veröld  
BÓKAFORLAG

BRÆÐRABORGARSTÍG 9, SÍMI 414 1450  
www.verold.is • verold@verold.is



## Leyfum búskapnum að setja svip á landið

» Að viðhalda búskap sem víðast, þó í smáum stíl sé, er stefna sem á vaxandi fylgi að fagna í Noregi. Ann Norderhang, doktor í grasfræði, er talsmaður slíkrar stefnu.

Viðtal: GUNNPÓRA GUÐMUNDSDÓTTIR Mynd: PJETUR

„Íslendingar eru heppnir að halda enn í hefðbundinn landbúnað úti um hinar dreifðu byggðir, með mannvirkjum, húsdýrum, landnýtingu og jurtaflóru sem slíkum búskap tilheyrir. Það gefur landinu lifandi svip og auðgar umhverfið.“ Þetta segir Ann Norderhang sem er sænsk en hefur starfað við rannsóknir á vegum landbúnaðarháskóla Noregs frá árinu 1967. Hún hélt nýlega erindi á Hvanneyri um það sem hún kallar á fallettri sænsku „kulturlandskap“. Það orð segir hún hafa haft víða merkingu til að byrja með og nefnir í því sambandi mannvirki eins og flugvelli og brýr en nú orðið tengist það nær eingöngu landbúnaðarsvæðum þar sem smábúskapur er stundaður eða hefur verið stundaður og ber merki þess.

### SMÁBÆNDUR MIKILVÆGIR

Ann er þáttakandi í verkefni í Noregi sem nær til þriggja sveitarfélaga og felst í að vernda smábúskapinn og það líf sem honum fylgir. Leyfa honum að setja sinn svip á landið. „Ef hægt er að lifa af því að nytja landið án þess að ganga of nærri því þá græða allir á því, bóndinn, byggðarlagið, sveitarfélagið og

þjóðfélagið allt. Smábændurnir eru mikilvægir til að halda lífi í dreifbýlinu og svo á hinn veginn er nauðsynlegt að halda byggðinni lifandi til að smábúskapurinn geti haldið áfram. Þetta helst allt í hendur,“ segir hún brosandí. Meðal þeirra sem hafi hag af slíkri landnýtingu nefnir hún ferðaþjónustuna. „Búskapurinn er mjög þýðingarmikill fyrir ferðaiðnaðinn og það eru ferðaþjónustuaðilar í Noregi orðnir meðvitaðir um. Það er nefnilega ólíkt skemmtilegra fyrir ferðafólk að koma í sveitir ef þar er líf, bændur að störfum og búsmalinn dreifir sér um haga heldur en í eyðibygðir þar sem allir eru farnir og skógur eða annar hágróður máir út minjar um búsetu. En þannig er það orðið víða í Noregi. Hátt uppi í hlíðum fjallanna voru bæir og fólkið ræktaði á stöllum og syllum. Þetta var hluti af svipmóti landsins. Nú er það að hverfa. Vistkerfið breytist og skógurinn tekur völdin. Leiðsögumenn segja sögur af þessum sérstöku búskaparháttum þegar skemmtiferðarskipin sigla um firðina en upplifunin væri ólíkt sterkari ef menn sæju þá með eigin augum. Ferðaiðnaðurinn hefur þýðingarmikinn sess í alþjóðasamfélaginu

og því hefur smábúskapurinn líka efnahagslegt gildi fyrir þjóðirnar því hann er einn af stöðunum undir ferðaþjónustuna.“

### VIÐHORFIN BREYTAST

Ann segir landbúnaðarpólitíkina í Noregi hafa síðustu áratugi gengið gegn smábúskap eins og svo víða annars staðar. Allt hafi snúist um stórbú og samrekstur en nú segir hún viðhorfin að breytast. Hún viðurkennir þó að varla sé hægt að ætlast til að bændur hokri einhvers staðar bara til að gera landið áhugavert fyrir ferðamenn. „Það er vissulega rétt að þeir sem yrkja jörðina eru oft ekki þeir sem fá peningana fyrir ferðaþjónustuna. Þess vegna er svo mikilvægt að hafa landbúnaðarstefnu sem styður við búrekstur í smáum stíl og að samfélagið átti sig á gildi þess að viðhalda byggð sem víðast. Hinsvegar er það besta mál ef bændur geta rennt fleiri stöðum undir sinn rekstur því margt smátt gerir eitt stórt. Það þarf líka að vera áhugamál fólksins sem býr í sveitunum að hlúa að sinni heimabyggð og þeirri menningu og náttúru sem þar þrífst. Þar á meðal plöntum og dýrum sem tilheyra búskapnum og hafa fylgt þjóðinni lengi.“



Kúplur frá  
990



Ljósakróna  
7.900



Veggljós  
990



Cube  
2.900

VIKUTILBOÐ



Lítið loftljós  
60 w Halog.  
3.900



POP 6.900



Standlampi  
4.900

**Ljós & Orka**  
Skeifunni 19 • Sími 581 44 88



# Fullkomlega steiktur fiskur og gott úr grænmeti ...

» sem er alltaf til í grænmetisborðum matvörubúðanna

## STEIKTUR FISKUR MEÐ PARMESAN OG CHILÍ Fyrir fjóra

Ég hef lengi reynt að elda hinn fullkomlega steikta fisk, ekki þann í raspínu, heldur smjörsteiktan með stökkri húð. Slíkt fær maður á veitingahúsi með gómsætu grænmeti og allt virðist svo einfalt. Fyrir annað tölublað Veggfóðurs eldaði Heiðís Hauksdóttir, matreiðslumaður á La Primavera, steikta smálúðu á þennan einstaka hátt og þessi aðferð virkar frábærlega. Hún benti líka á að setja smá parmesan með chili yfir fiskinn áður en hann færi í ofninn.

500-600 g smálúðulök eða annar fiskur að eigin vali  
Ólífúolía og smjörklípa  
Hveiti  
Salt og smá pipar ef vill

Safi úr hálfri sítrónu  
5 msk. fínt rifinn, ferskur parmesanostur  
1 lítið chili, fræhreinsað og fínt skorið

Skerið fiskinn í bita og veltið upp úr hveiti. Setjið olíu og smjör á pönnu og látið pönnuna ná góðum hita. Steikið fiskinn í um eina til tvær mínútur á hvorri hlið og látið hann brúnast báðum megin. Kreistið sítrónusafa yfir. Takið fiskinn þá af pönnunni og veltið honum upp úr parmesanosti sem hefur verið hrærður með fersku chili. Kryddið eftir smekk. Setjið í ofnfast mót og inn í heitan ofn. Bakið undir heitu grilli þar til osturinn bráðnar. Berið fram með steiktum kartöflum og einhverju af því grænmeti sem á eftir kemur.

Umsjón Halla Bára Gestsdóttir og Gunnar Sverrisson, ritstjórar tímaritsins Veggfóðurs.



# GIRNILEGIR & GÓÐIR SMÁRÉTTIR Í VEISLUNA



**OSTA OG SÆLKERAKÖRFUR LÉTTIR RÉTTIR Í HÁDEGINU  
VEISLUPJÓNUSTA SMÁRÉTTIR SÉRVARA**



**OSTABÚÐIN** *Delicatessen*

Skólavörðustíg 8, 101 Reykjavík – Pöntunarsími: 562 2772

# Hátíðarkaffi



Hátíðarkaffið er í fullkomnu jafnvægi, hefur fágað hunangsmjúkt bragð, mikla fyllingu og eftirkeim af ávöxtum og berjum. Kaffihugafólk ætti ekki að láta þetta kaffi fram hjá sér fara.

**Kaffihús:**  
Laugavegi 24  
Smáralind

**Verslanir:**  
Kringlunni  
Smáralind  
Laugavegi 27  
Suðurverí



TE & KAFFI

# CANDEREL



## Ótrúlega létt

Canderel er gott bæði á heita rétti sem kalda. Það gefur gott sætubragð en án þeiska bragðsins sem einkennir sum sætuefni og án kalórianna sem eru í sykri. Því segjum við: Sætt án samviskubits



# Grim's Heilsubuff

*Gulrótar- og  
linsubaunabuff*

*Ítalskt  
linsubaunabuff*

*Hvítlauks- og  
hvítbaunabuff*

*- Matur er  
mannsins  
megin*





**Gulrætur, spergilkál og kúrbítur** er grænmeti sem alltaf er til í matvöru-  
búðunum. Hugmyndafluginu er ekki alltaf fyrir að fara þegar kemur að því að nota þetta grænmeti en hér eru þrjár  
einfaldar og góðar uppskriftir sem fara vel með fiskinum hér að framan en einnig með ýmsu kjöti.

#### APPELSÍNUSTEIKTAR GULRÆTUR MEÐ FERSKU ENGIFER

Fyrir 4-6

50 g smjör  
5 cm af fersku engifer, smátt saxað  
fint rifinn börkur af einni appelsínu  
safi úr einni appelsínu  
salt og svartur pipar  
750 g gulrætur, skornar í strimla

Sjóðið gulræturnar þar til þær eru aðeins mjúkar undir tönn. Látið þá  
vatnið renna af þeim. Bræðið smjörið á pönnu, setjið engifer, appelsínu-  
börk og safu saman við og hrærið. Smakkið til með salti og pipar. Setjið  
gulræturnar á pönnuna og blandið vel. Berið gulræturnar fram heitar.



#### KÚRBÍTSGRATÍN Fyrir 4

2 kúrbítar, frekar stórir  
1 egg  
100 g rifinn ostur  
20 g smjör

Sjóðið kúrbítinn í heilu lagi í um 4 mín. eða þar til hann er  
orðinn mjúkur. Pერიð hann og skerið í bita. Setjið í sigti og  
þrýstið vel á kúrbítshitana svo að óþarfa vökví fari úr. Setjið í  
matvinnsluvél og maukið gróflega. Setjið í ofnfast mót og  
hrærið saman við kúrbítshaukið einu hrærðu egg. Saltið og  
piprið. Gætið að því að maukið sé um 2 cm að þykkt í fatinu.  
Setjið rifinn ost yfir og nokkrar smjörklípur. Loks inn í 200  
gráðu heitan ofn í 20-30 mínútur. Hægt að bera fram heitt og  
kalt.

#### SPERGILKÁLSSALAT MEÐ FETAOSTI Fyrir 4-6

500 g spergilkál, skorið niður í minni bita  
200 g fetaostur  
150 g þurrkaðar apríkósur, skornar smátt  
100 g cashew-hnetur  
100 g klettasalat eða spínat  
12 kirsuberjatómatar, skornir í tvennt  
Safi úr hálfri sítrónu  
1/2 dl ólífuolía  
Salt og svartur pipar

Sjóðið spergilkálið í saltvatni í tvær mínútur og þerið. Blandið saman  
spergilkáli, fetaosti, apríkósum, hnetum, salati og tómtum. Hrærið sam-  
an sítrónusafu, olíu og salti og pipar. Dreypið yfir salatið og berið fram.



# NY FRÁBÆR ÆFINGAKERFI FRÁ ÁGÚSTU JOHNSON

Æfingar sem þú getur stundað hvenær sem þér hentar  
Einfalt, þægilegt og þú kemst í fínt form

VHS og DVD



Mótaðu fallega og vel þjálfaða vöðva með teygjurenningi. Njóttu þess að gera æfingarnar með afslappandi tónlist. Teygjurenningurinn fylgir með!

Hefurðu lítinn tíma til að stunda þjálfun? Þrú hnitmiðaðuð 10 mínútna æfingakerfi sem gefa góðan árangur

**Nýtt!** Nú fást myndböndin: Magi, rass og læri og Hámarks árangur einnig á DVD

Fást í Hagkaup og í Hreyfingu  
[www.hreyfing.is](http://www.hreyfing.is)



## BEAR CROSSING:

### *Kóalabjörninn í jólaskapi*

Bear Crossing er heiti á vínlinu frá ástralska vínfyrirtækinu Angove's. Flöskurnar bera merki Australian Koala Foundation, samtaka til verndar kóalabjörnum en þessi smávöxnu og vinalegu pokadýr eru í mikilli útrýmingarhættu. Hluti andvirðis af hverri seldri flösku rennur til sjóðsins og hefur þetta framtak vakið mikla athygli náttúruunnenda. Miðinn á flöskunni líkist varnaðarskiltunum sem eru sett upp við þjóðvegi sem kóalabirnir eru gjarnir á að þramma yfir.

Angove's Bear Crossing Cabernet/Merlot vínið hefur vakið athygli og þykir þessi þrúgnasamsetning mjög fersk. Má drekka með flestum kjötréttum, pitsum og mismunandi ostum, einnig mjög gott eitt og sér. Vínið verður á sérstöku tilboðsverði fram að jólum.

Lækkað verð í Vínbúðum 990 kr.






# Það besta frá Nóa-Síríus

Freistingar sem þú fellur fyrir - aftur og aftur!


Hver kannast ekki við vinsælu kökubæklingana frá Nóa-Síríus með öllum gírnilegu uppskriftunum? Á hverju ári í meira en áratug hafa þessir uppskrifta-bæklingar runnið út eins og heitar lummur og nýrra ávallt beðið með mikilli eftirvæntingu. Þessi stórglæsilega **súkkulaði**bók hefur að geyma úrval uppskrifta sem Marentza Paulsen hefur haft veg og vanda af að velja auk þess sem hún hefur samið fjölmargar nýjar uppskriftir að gírnilegum súkkulaði-freistingum. Bókin er í fallegu broti og prýdd fjölda ljósmynda. Þetta er bók sem er ómissandi fyrir alla sælkera.



Glæsileg  
uppskriftabók



Ómissandi bók  
fyrir alla sælkera!



  
Edda  
edda.is



**Þórhildur elín elínardóttir**  
með barn undir belt

## Grindargliðnum og greindargliðnun

Síðustu vikurnar býsnast ég stundum yfir því sem náttúran leggur mér á herðar. Ekki er nóg með að ég sé í fullu starfi við að ganga með barn, heldur þykir viðeigandi að auka áherslurnar með ýmsum líkamsæfingum. Þá er ég að tala um skemmtilegar aukaverkanir meðgöngu eins og sinadrætti, bjúg, brjóstsviða og grindargliðnun. Ég nefni líka greindargliðnun sem gæti verið nýyrði yfir þá tilhneigingu barnshafandi kvenna að hafa meðgönguna á heilanum og eiga erfitt með að einbeita sér að nokkru öðru. Ég hef fengið sýnishorn af öllum þessum ánægjulegu hliðarverkunum þó engin þeirra hafi lagt mig í rúmið, í mesta lagi gefið mér tækifæri til að kvarta og kveina. Þegar ég hugsa málið betur held ég samt að þetta séu hollar og staðgóðar æfingar til undirbúnings fyrir hlutverkið mikla. Þegar að því kemur að lítið barn fæðist er það algjörlega upp á foreldra sína komið og krefst athygli okkar dag og nótt í marga mánuði og ár. Þá er nú aldeilis gott fyrir móðurina að búa að reynslunni af því að þurfa að harka af sér allskyns líkamlega krankleika og ekki síður gott fyrir föðurinn að hafa vanist látlauus sífrinu í konu sinni.

Fræg er sú áhrifaríka aðferð vondra valdhafa að pína fanga til sagna með því að neita þeim um svefn. Þetta var nú samt ekki þeirra uppgötvun. Náttúrunni dat þetta í hug fyrir löngu, sennilega frá öröfi alda hefur þessi sniðuga leið verið notuð til að gera foreldra auðmjúka. Það tekur ekki nema örfáar vikur af svefnleysi að gera okkur meyr eins og smjör. Æfingartímabilið byrjar gjarnan þegar líða tekur á meðgönguna. Næturnar fela í sér svona tvær eða þrjár salernisferðir og nú er svo komið að áður en ég framkvæmi þá lágmarks líkamsrækt að snúa mér í rúminu þarf ég fyrst að vakna og hugsa málið. Telja upphátt einn-tveir-þrjár og vipa mér svo yfir á hina hliðina með lagni og viljastyrk.

Yngri dóttir mín hefur líka lagt sín lóð á vogarskálarnar við að þjálfa móðurina til undirgefni. Hún sefur uppi hjá foreldrum sínum eins og hún hefur gert frá því það uppgötvaðist fyrir löngu að hjónarúmið er eini staðurinn sem hún dottar meira en hálf tíma í senn. Upp á síðkastið hefur það rifjast upp fyrir henni hversu notalegar nætur máltíðir eru. Ég get ekki munað hvernig þessi víthringur byrjaði en nú vaknar hún um miðjar nætur og krefst veitinga. Þylur upp það sem hún getur sætt sig við á því sviði, rúgbrauð með smjöri, graut og þykkmjólk. Lágmarkið er banani. Reynslan hefur kennt okkur að það borgar sig ekki að vera með mikið múður og átakaminnst er að hlýða strax. Mig óar samt dálítið við þeirri tilhugsun að eftir bara svona tvær vikur verði ég upptekin allar nætur við að gefa brjóst með annarri hendinni og banana með hinni. En ég segi bara eins og gamla konan um árið: Það er nógur tími til að hvíla sig þegar maður er dauður.

## Börn og stærðfræði

Það er auðveldlega hægt að nota hversdagslega hluti og athafnir til þess að kynna stærðfræði fyrir litlum börnum.



**1** Byrjið nógu snemma. Eins árs barn er farið að skynja fjölda hluta. Teljið með barninu þá hluti sem þið eruð með í höndunum hverju sinni. Teljið sokka, mat, leikföng, fjölskyldu-meðlimi og allt sem hægt er að telja. Skrifid tölur með litum á blað og teljið þær.

**2** Flokkið og teljið hluti. Þið getið notað þá hluti sem eru til staðar hverju sinni eins og áður. Bendið á hvaða hlutir eru líkir og hvaða hlutir eru ólíkir. Þið getið til dæmis sagt barninu að þið sjáið tvo bláa bíla og einn gulan eða að þið séuð með þrjár gulrætur og fjögur kex.

**3** Parið hluti og búið til mynstur. Flest barnaleikföng eru í grunnlitunum og af svipaðri lögun svo það er hægt að nota þau. Búið til lita- og lögunarmynstur eins og kúla, kassi, kúla, kassi eða gulur, rauður, rauður, gulur. Hvetjið barnið til þess að giska á hvað kemur næst.

**4** Leikið ykkur með vatn og sand. Hellið og mokið vatni og sandi á milli ólíkra íláta og hjálpið barninu þannig að átta sig á mismunandi þyngd og umfangi. Teljið til dæmis hvað þarf margar skóflur af sandi til þess að fylla fötu. Talið um mismuninn á þyngd fötu þegar hún er tóm og þegar hún er full. Berið saman stærðir á stórum og litlum hlutum.

## Notaleg nærvera

Rannsóknir hafa sýnt að börn sem deila rúmi með foreldrum sínum verða sjálfstæðari og sjálfsöruggari þegar þau eldast. Margir foreldrar þora ekki að hafa ungabörnin uppi í rúminu hjá sér af ötta við að þeir leggjast ofan á þau í svefni. Það eru yfirleitt óþarfa áhyggjur. Fólk er meðvitað um brúnina á rúminu og gætir sín á því að velta sér ekki fram úr. Foreldrar verða líka strax meðvitaðir um nærveru barns í rúminu og velta sér því heldur ekki yfir það.




Hins vegar þarf að gæta þess að vera ekki með mikið af koddum og sængum í rúminu sem geta farið ofan á barnið. Eins þarf að passa að hvergi sé bil á milli rúms og veggjar þar sem barnið getur lent niður á milli. Börn sem sofa uppi í rúminu hjá foreldrum sínum þurfa heldur ekki að vera eins vel klædd á nóttunni þar sem þau fá hita frá foreldrum til viðbótar við notalega nærveru.





Nú eru 4 Dótabúðir  
fullar af leikföngum



**DÓTABÚÐIN**

Þar sem þú kaupir leikföng

Kringlunni  
S: 568 8190

Smáralind  
S: 517 8090

Glæsibæ  
S: 578 8090

Spönginni  
S: 578 8070



- STÆRRA HÚSNÆÐI
- MEIRA VÖRUÚRVAL
- ENN HAGSTÆÐARI VERÐ



### Grant sófasett 3+2

- Áklæði með óhreinindavörn
- Litir: Sandlitað • brúnn

kr.79.900.-

Verð áður: 129.900

Einnig fánlegt með tveimur stærri bakpúðum

# TAKTU FORSKO

SETT HÚSGAGNAVERSLUN FLYTUR UM ÞESSAR MUNDIR Í NÝTT OG GLÆSILEGT HÚSNÆÐI AÐ **ASKALIND 2A Í KÓPAVOGI**. AÐ ÞVÍ TILFNI VILJUM VIÐ BJÓÐA VIÐSKIPTAVINUM OKKAR SÉRSTAKAN **FRAMKVÆMDA AFSLÁTT** SEM VEITIR FRÁBÆRT TÆKIFÆRI TIL AÐ GERA KJARAKAUP FYRIR JÓLIN.

### Megan hægindastóll

- Ítalskt leður og Microfiberáklæði
- Litir: Dökkbrúnn • ljósbrúnn, svartur • gulur

kr. 59.900.-

Verð áður: 79.900



Rafmagnsnudd

### Premium svefnsofi

- 2ja sæta svefnsofi með heilsudýnu
- Microfiberáklæði
- Litir: ljós (beige)

kr.84.900.-

Verð áður: 114.9000



Yfirdýna fylgir

### Megan 3ja sæta hægindasófi

- Ítalskt leður og Microfiberáklæði
- Litir: Svartur og dökkbrúnn

kr.119.900.-

Með ítölsku leðri • Verð áður: 179.900

kr.89.900.-

Með Microfiberáklæði



Útdregið borð í miðju sæti



### Hægindastóll

- Með ruggu • hátt bak
- Microfiberáklæði • leðuráklæði
- Litir: Svartur • dökkbrúnn

kr.34.900.-

Með Microfiberáklæði • Verð áður: 46.500

kr.43.900.-

Með ítölsku leðri • Verð áður: 58.500



### Hægindastóll

- Microfiberáklæði
- Litir: Ljósbrúnn • brúnn

kr.24.800.-

Með Microfiberáklæði • Verð áður: 38.900

kr.34.900.-

Með ítölsku leðri • Verð áður: 00.000

# ÖT Á SÆLUNA



### Tungusófi • skemill fylgir

- Microfiberáklæði
- Litir: ljóst (beige) • ljós grænn

kr.108.600.-

## FULL VERSLUN AF NÝJUM VÖRUM

SÓFASETT • HORNSÓFAR • TUNGUSÓFAR • ÚRVAL AF HÆGINDASTÓLUM  
ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM • RÚM Á ÓTRÚLEGU VERÐI MEÐ 15 ÁRA VERKSMÍÐJUÁBYRGÐ  
SÓFABORÐ • BARSTÓLAR • YFIRDÝNUR • SMÁVARA

# SETT

HÚSGAGNAVERSLUN

OPNUNARTÍMI: **MÁNUD - FÖSTUD** 11:00 - 18:00 **LAUGARDAGA** 10:00 - 16:00 **SUNNUDAGA** 12:00 - 16:00

SETT HÚSGAGNAVERSLUN • ASKALIND 2A - 201 KÓPAVOGUR - Sími 534 1400 - WWW.SETT.IS

**anna í amman**

anna tryggvadóttir skrifar frá jórdaníu



**Slæðuklæddar tískudrósir**

Áður en ég lagði upp í langferð mína til arabaheimsins hafði ég spurnir af því að þar mætti kona ekki klæða sig hvernig sem væri. Bert hold væri þar bannað og bolir skyldu vera með hyljandi hálsmáli og pilsin ná niður fyrir hné. Ég brá því á það ráð að hafa samband við flestar konur sem ég þekki og eru komnar hátt á miðjan aldur í leit að fötum sem hæfa myndu múslimskum klæðastöðlum. Svo mætti ég hæstánægð á flugvöllinn í Amman íklædd mussu úr hippafatasafni móður minnar yfir tjaldkjól úr hörblöndu, með þá hugmynd í kollinum að rauða hárið væri það eina sem kæmi upp um þá staðreynd að ég væri ekki jórdönsk.

En hvílkir fordómar! Vissulega er rétt að ekki þykir eðlilegt í Jórdaníu að vera í hlýrabolum og hnésíðum pílsum en sú gagnályktun mín að þess vegna ætti ég að leita aftur í tískustraua áttunda áratugarins var kolröng. Þótt konur hylji háir sitt og líkama með fötum þýðir það alls ekki að þær klæðist ljótum fötum. Þvert á móti, því núna virðist mér sem klæðin sem sniðin eru að því að hylja náttúrulega kvenprýði kalli á að það sem er sjáanlegt sé þeim mun betur skreytt. Núna sé ég að svartklæddar konur sem horfa á heiminn í gegnum þunna rifu á blæjunni eru hiklaust með brúðkaupsförðun og á dráps hælum í skólanum, allt eftir nýjustu tísku.

Í rauninni finnst mér meira að segja að hægt sé að flokka kvenpeninginn hérna eftir þeirri nokkuð algildu reglu að þegar meira er hulið eru gerðar frekari kröfur í tískubransanum. Hér er því ekki um að ræða neinn léttvægan fjölda tískudrösa því meirihluti kvenna sem ég hef hitt hér í Amman halda að minnsta kosti hárinu huldu. Höfuðklúturinn sem er í mörgum vestrænum augum tákn kúgunar múslimskra kvenna virðist á ungum stúlkum vera flest annað en það. Í raun miklu frekar órjúfanlegur hluti tísku dagsins í dag og gegna svipuðu hlutverki og að vera með tösku eða í skóm sem passa við fót dagsins. Hann kemur í allskonar litum, mismunandi efnum og sniði – allt til að hægt sé að velja vel og vera smart.

Og slæðustúlkunum finnst þær heldur betur vera smart. Að minnsta kosti miðað við okkar tísku því þær horfa á eftir okkur íslensku stelplunum, benda og hlæja að því sem okkur dettur í hug að fara í. Þótt ég sé búin að leggja mussunum og senda hörkjólinn heim virðist ég vera skotspönn innfæddra stúlkna sem aldrei fyrr. Kannski er það af því að ég er ekki með göt í eyrunum eða af því að buxur samferðarkonu minnar minna of mikið á sýrlenskan gamanleikara.

Ég held samt að þeim finnst bara hárið mitt passa illa við fötin.

**Sparnaðarráð**

Með smá útsjónarsemi er hægt að spara töluvert við sig.



**1**

**Láttu bjóða þér í mat**

Ein góð aðferð til þess er til dæmis að birtast heima hjá fólki á matartíma og önnur að tala hátt um uppáhaldsmatinn þinn við ættingja og vini og horfa djúpt í augun á þeim á meðan.



**2**



**Fáðu far**

Pikkaðu í nágrannana á morgnana og spurðu hvort þú megir ekki fljóta með þeim. Nokkrir eru svo almennilegir að bjóðast til að skutla þér alla leið en jafnvel þótt þú þurfir að labba spölkorn er það samt ódýrara en að taka strætó.

**3**

**Fáðu þér kaffi í Kringlunni**

Þó alls ekki á rándýrum kaffihúsum. Nei, farðu heldur í verslanir eins og Next og Stasiu þar sem boðið er upp á prýðiskaffi og afbragðsaðstæður til að hitta vinina og slúðra.



**4**

**Fáðu að kíkja í geymslur**

Tískan fer endalasta í hringi og þú finnur örugglega einhverjar hátískuvörur í að minnsta kosti þriðju hverri geymslu sem þú rennir í gegnum.



**5**

**Sendu krakkana út að safna dósum og flöskum**

Fylgstu vel með hvenær eru partí og stórafmæli í götunni og losaðu nágranna þína við óþarfa flöskulík strax morguninn eftir.



**stjörnuspá**

7. nóvember – 14. nóvember

**HRÚTUR 20. MARS – 19. APRÍL**

Félagslífið á eftir að taka kipp í vikunni og ekki vanþörf á, finnst mörgum hrútum sem þeir hafa verið dálítið mikið heima undanfarið, að minnsta kosti að eigin mati.



**NAUT 20. APRÍL – 20. MAÍ**

Öll þín samskipti eru í mesta blóma þessa dags, kæra naut, og þú hefur sjaldan verið svona vinsælt, ekki bara í góða vana hópi heldur hjá hinum almenna vegfaranda.



**TVÍBURI 21. MAÍ – 20. JÚNÍ**

Þú hefur áhyggjur af vini eða ættingja sem á um sárt að binda. Þessar áhyggjur eiga því miður að einhverju leyti við rök að stöðjast og þú skalt taka þér tíma til að sinna viðkomandi og vera til staðar.



**KRABBI 21. JÚNÍ – 22. JÚLÍ**

Fjárhagsstaðan þín er eins og rússíbani þessa dagana. Þetta tímabil líður hjá, vertu bara skynsamur þegar allt gengur vel.



**LJÓN 23. JÚLÍ – 22. ÁGÚST**

Húsnæðismálin eru þér ofarlega í huga núna og ef þú ert að hugleiða að fjárfesta í nýju húsnæði ertu á góðu tímabili til þess arna. Leyfðu þér að vera vandlát en ekki láta samt möguleikana framhjá þér fara.



**MEYJA 23. ÁGÚST – 21. SEPTEMBER**

Þú ert auðvitað þyrjóð að skipuleggja jólagjafainnkaup en ættir samt alls ekki að kaupa neitt núna vegna þess að allt sem þú kaupir fram til fimmta desember á eftir að reynast annaðhvort allt of dýrt eða alls ekki við hæfi.



**VOG 22. SEPTEMBER – 22. OKTÓBER**

Þú ert dísæt eins og silkinsúður og þess vegna eru ástamálin yfirleitt frekar líflæg hjá þér. Þér heitir hins vegar til að flækja hlutina heimlíkið. Reyndu að slaka á og láta brjóstvitnið ráða.



**SPORÐREKI 23. OKTÓBER – 21. NÓVEMBER**

Þú hefur átt í erfðaleikum undanfarið og þurft að leita að styrk, bæði inn á við og einnig til þinna nánustu. Nú er þessu tímabili sem betur fer lokið og við þér blasir betri tíl með blóm í haga.



**BOGMÆÐUR 22. NÓVEMBER – 21. DESEMBER**

Fólk eins og þú þarft að huga einstaklega vel að heilsunni því þú ert bæði óvirkur og alltaf að öggra sjálfum þér líkamlega. Núna er kjörið tækifæri til að hefja heilsuáttak eða byrja að taka lýsi.



**STEINGEIT 22. DESEMBER – 19. JANÚAR**

Þér væri nær núna að stunda eitthvert skemmtilegt félagslíf en grafa þig í pappírslóði. Þú hlýtur að vera einhver menningarupakoma, sem þarfnast athygli þinnar núna.



**VATNSBERI 20. JANÚAR – 18. FEBRÚAR**

Þó það sé allt á fullu hjá þér í vinnunni verður líka að vera vakandi fyrir fjölskyldunni og heimilinu. Þú gætir misst af því öllu ef þú ert ekki vakandi og tilbúinn til að fylgjast með og gefa góð ráð.



**FISKAR 19. FEBRÚAR – 20. MARS**

Bjartsýnin er á bakaleið til ykkar fiskanna eftir dimma daga undanfarið. Takið þátt í gleðinni og sleppið ykkur út í gleðina.





### Freeway

Frá 9-18 kg.  
(eða frá u.þ.b. 9 mánaða til 3-4 ára)  
Ólar stólsins eru stillanlegar eftir stærð barnsins. Stóllinn er hægt að festa með 2ja eða 3ja punkta belti, helst skal nota 3ja punkta.



### TRIO

Hérna er nýjung frá Britax, stóllinn má nota á þrjá vegu: Sem hefðbundinn barnabilstól, fyrir stærri krakka en þá eru belti bilsins notuð og í þriðja lagi sem setu fyrir enn stærri börn.



### First Class

Frá 0-18 kíló eða frá fæðingu að 4ra ára aldri. Hægt er að nota bæði fram og bakvísandi. Mjög góður stóll fyrir barn sem er að stækka upp úr ungbarnabilstól.



### Rock a Tot

Stóllinn er ætlaður börnum u.þ.b. 13 kílóum eða 9-13 mánaða. Stóllinn er hannaður til að setja ofan á kerru.



### Eclipse Si

Frá 9-18 kíló eða frá 9 mánaða til 4ra ára. Ávallt skal passa að ólar séu rétt yfir axlarhæð barnsins. Stóllinn er festur með bæði 2ja og 3ja punkta belti.



### Baby Sure

Frá fæðingu til allt að 13 kg. Snýr ávallt baki í akstursstefnu. Stóllinn má aldrei setja í framsæti með öryggisloftpúða.



### Hiliner

Britax seta með háu baki. - Ætlaður börnum frá 15-36 kílóa eða 4 - 11 ára. Upphækkaða bakið er með sérstökum hliðarstuðningi.



### Duo plus.

Frá 9-18 kíló eða 4-9 ára. ISOFIX er nýr staðall fyrir barnabilstóla og eru festingar þeirra samrýmdar í allflestar bíltegundir sem framleiðdar eru í dag. Festingin er beint í grind bilsins.



### Ranger

Britax seta með baki. - Ætlaður börnum frá 15 - 36 kíló eða 4-11 ára.



### Cosy Tot

Frá fæðingu allt að 13 kíló. Stóllinn snýr ávallt baki í akstursstefnu. Stóllinn má aldrei setja í framsæti með öryggisloftpúða.

# Britax

## Setjum barnið okkar alltaf í besta sætið

**Britax** er leiðandi í þróun bílstóla í heiminum í dag, margir bílframleiðendur leita til Britax þegar kemur að hönnun öryggismála yngstu farþeganna

**Britax** hefur hlotið fjölmargar viðurkenningar fyrir þróun barnabilstóla



Reynslumesti stóllinn í umferðinni!





Biotherm, Abdo Choc  
magakrem kr. 2.969

## Krem á kroppinn

„Í kjólinn fyrir jólin“ er farið að klingja í eyrunum. Margar konur eru í einhvers konar heilsuátaki, sumar með það að markmiði að minnka mjaðmamálið. Heilsusamlegt mataræði og regluleg hreyfing er eins og allir vita besta leiðin til að losna við óvelkomin kíló en svo

eru líka til alls kyns aðrar töfraformúlur eins kroppakremin sem sífellt verða vinsælli. Flest snyrtivörumerki bjóða upp á þessi svokölluðu kroppakrem sem minnka appelsínuhúð og eyða læra-, mittis- og mjaðmasentimetrinum.

Þessi krem eru mismunandi að uppbyggingu, til dæmis á að bera súrefniskremið Silhouette frá Karin Herzog á með því að klappa því á kroppinn og Biotherm býður upp á sérstakt krem fyrir maga og annað fyrir rass og læri. Þessi krem eru ágætis vopn gegn appelsínuhúðinni en hafa ber í huga að ein og sér gera þau engin kraftaverk heldur er best að nota þau í bland við einhvers konar líkamsrækt og góðan mat.

Karin Herzog, Silhouette  
kr. 2.919.  
Shiseido, Body Creator  
Sculpting Gel kr. 3.419.



Kanebo,  
Contouring  
Body Gel  
kr. 3.459.



Clarins, Total  
Body Lift kr.  
3.799.



allt fyrir útlitið

MARGRÉT R. JÓNASDÓTTIR

## „Beauty“ förðun

Ungrú Ísland, Unnur Birna, er á leið í Miss World keppnina sem haldin er 10. desember í Kína. Unnur kom til mín til að athuga hvað væri gott að hafa meðferðis og hvernig hún ætti að farða sig á meðan hún dvelur í Kína. Ég var agndofa þegar hún sagði mér að keppendur þyrftu sjálfir að gera „make up“ og hár!

Emm School of Make Up, Café Oliver og veitingastaðurinn Galileo ákváðu því að styrkja Unni með því að senda mig með henni út til að sjá um „make up“ og hár fyrir hana. Unnur er afar falleg ung kona og enn fallegri þegar maður kynnist henni, hún hefur jafnframt fallega framkomu. MAC styrkir hana með snyrtivörur og gerði ég því prufuförðun á henni fyrir myndatöku til að undirbúa mig fyrir aðalkvöldið. Ég byrjaði á því að setja á hana MAC „Studio Stick“ farða sem er auðvelt að dreifa úr, farðinn fyllir upp í svitaholur og finar línur og gefur óaðfinnanlega áferð. Ég notaði hyljara í einum tóni, ljósari en farðann í kringum augun. Síðan skyggði ég með möttu sólapúðri í kringum andlit og undir kinnbein til að hafa ljósara svæði á enni, í kringum augun og nef. Á augun bar ég ljósan skugga (yfir allt augnlokið), skyggði með brúntóna lit. Ljósan tón yfir augnlok og undir augabrún „Shroom“ augnskuggann sem mér finnst vera einn fallegasti liturinn og passar öllum. Einnig setti ég örllitinn mattan bleikan lit fyrir ofan augnlokið og að lokum gylltan-glitrandi yfir brúna tóninn. Inn á milli augnaháranna setti ég svartan gel eyeliner og örþunna línu og auka augnahár og fullt af „Zoom Lash“ maskara til að lengja augnahárin! Á varir setti ég krem kinnalit engöngu fremst í kinnar og yfir varir. Til að gera þær kyssilegri setti ég „Pearl“ krem lit í varabogann. Að lokum dustaði ég gulhvítum „Llama“ augnskugga sem mér finnst frábær undir augun, hann felur bauga og gefur ljóma og jafnar alla áferð. Áfram Unnur Birna!



Unnur Birna



Beauty Make up!



Ungrú Ísland



Þú færð

L'Oréal make-up

í snyrtivörudeildum Hagkaupa

í verslunum Lyf & heilsu

Skipholts Apóteki

og Apótekaránunum Akureyri

ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ.

L'ORÉAL  
PARIS



**Förðun við öll tækifæri  
og ýmis námskeið**

**Full búð af Madina snyrtivörum**

*Erum flutt á Laugaveg 30a*

**MADINA**

MILANO / REYKJAVÍK

**Laugaveg 30a Sími 5344100**



## Litaðu í þig hollustuna

Allt sem lifir hefur ákveðna tíðni og það gera litir líka. Margir trú á því að litir geti haft áhrif á heilbrigði okkar og við eigum að geta hlustað á innsæi okkar til að finna hvaða liti við eigum að nota til að lækna kvilla. Til að njóta litarins er að sjálfsgöðu gott að klæðast honum en líka má sjá fyrir sér að vera gersamlega baðaður lituðu ljósi sem maður síðan dregur inn í líkamann.



Appelsínugulur hefur örvandi áhrif á kynorkuna og líkamann og gleður lundina.

Gulur stuðlar að skýrri hugsun, sjálfstjórn, bjartsýni, innri styrk og hjálpar til við að horfast í augu við óuppperðar tilfinningar.



Grænn stuðlar að ferskleika, endurnýjun og vexti.



Blár lækkar blóðþrýstinginn, er róandi og bætir svefninn.



Túrkís getur aukið á tilfinningalegan styrk, bætt ónæmiskerfið og ver þig gegn ásókn annarra.

Dökkrauður losar um neikvæðar tilfinningar og hjálpar þér að sleppa þeim.



Fjólublár dregur úr kvíða og ótta.

## Þú ert það sem þú borðar

Við þekkjum sjónvarpsþættina og nú getum við lesið bókina á íslensku. Bók Dr. Gillian er um margt skemmtileg og heilsusamleg og í henni geta allir fundið hjálpleg ráð að betri heilsu. Á einum kafla í bók sinni fjallar hún um mataræði sem veitir okkur aukna orku og dregur úr síþreytu.

Allir geta orðið þreyttir á því að vera þreyttir. Til að fá sem mesta orku þurfum við að neyta ákveðinna tegunda af mat, einkum þeirra sem gefa efnaskiptum líkamans kraft og viðvarandi orku. Mikilvægustu næringarefni eru öll B-vítamín því skortur á þeim getur verið orsök lélegrar nýrnahettustarfsemi sem leiðir svo til orkumissis. Önnur efnaskiptahvetjandi næringarefni eru C-vítamín, magnesíum, sink, járn, kóensímíð Q10 og jurtin astragalus.



Orkufæða er meðal annars eftirfarandi:

### SPÍRUR

Allar tegundir af spírum gefa mikla orku.

### KORN

Korntegundir losa sykurrinn hægt og gefa líkamanum stöðugt orkustreymi í stað gusu sem hverfur fljótt.

### HAFRAR

Hafrar halda blóðsykrinum í lagi og skerpa þannig einbeitingu.

### STEINSELJA

Steinselja inniheldur mikið af B-12 vítamínunum og C-vítamínunum.

### ÞANG

Sjávargrænmeti er málmríkasta fæðutegundin sem völ er á.

### FERSKJUR

Ferskjur eru auðmeltanlegar og skila orku til líkamans hratt og eru góðir eitureyðar.



# Rope Yoga



stúdíó - Ármúla 44  
Opið hús

laugardaginn 12. nóv., kl. 14 – 17  
Ný 5 vikna námskeið hefst 14. nóv

## Hvað gerir Rope Yoga?

- Styrkir kvið- og grindarbotnsvöðva
- Eflir blóðflæði í kvið
- Nýting kviðvöðvana verður betri
- Eykur hreyfanleika mjaðmaliða
- Betri sveigjanleiki hryggsúlunnar
- Styrkir sogæðakerfið sem hreinsar líkamann
- Eykur brennslu og flæði
- Bætir meltingu
- Veitir betra úthald
- Eykur upptöku næringarefna
- Eykur súrefnisupptöku
- Styrkir alla vöðva líkamans

**Kennari:**  
Emma Bjarnadóttir

**Upplýsingar:**  
sími 860 2173  
info@eger.is  
www.eger.is

Staðsetning:  
Ármúli 44,  
3 hæð  
108 Reykjavík



# Nýjar vörur úr íslenskum fjallagrösum

Með kveðju  
frá náttúrunni



## Magamixtura

Kemur jafnvægi á maga,  
örvar meltingu, mýkir  
hægðir.

## Hálsmixtura með hunangi

Minnkar særindi í hálsi,  
mýkir, dregur úr hósta  
og ertingu.



Fæst í apótekum

www.iceherbs.is • Dreifing Lyfjadreifing

# BYLTING Í FITUBRENNSLU!

Perfect burner töflur 90 stk.  
Hagkvæmstu kaupin!



## - ÖFLUGAR BRENNSLUTÖFLUR

- \* **Koffín**  
Eykur orku og fitubrennslu.
- \* **Hýdroxísítrussýra**  
Minnkar framleiðslu fitu.
- \* **Sítrusárantíum**  
Breytir fitu í orku.
- \* **Króm pikkóínat**  
Jafnar blóðsykur og minnkar nart.
- \* **Eplapektín**  
Minnkar lyst.
- \* **L-Carnitine**  
Gengur á fituforða.

Perfect burner er því lausnir á því að tapa þyngd á árangursríkan, skynsaman og endingagóðan hátt.

### Söluáðilar:

Hagkaupsverslanir, Heilsuhúsið, Hreysti,  
Lyfjuverslanir og helstu líkamsræktarstöðvar.



**PATRON** Ármúla 19 · 108 Reykjavík  
Sími 553 1930 · Fax 553 1940



## Þjóðleg tíska

Ullin hefur reynst landanum nauðsyn á köldum vetrum og verið ríkjandi í hlýju fatavali allt frá því að kindin leit dagsins ljós. Nú er ullin ekki bara heit á köldum vetrum, hún er líka skilgreind sem heit tískuvara.

Tískustrauumar hins stóra heims taka ekki alltaf tillit til þeirra heimsbúa sem byggja kaldari hluta heimsins. Akryl og nælon geta fegrað fallega líkama en margar tískupjöttlur gefa ekki góða vörn fyrir Kára kuldabola. Tíska snýst um heildarútlit og má segja að einstaklingur í næfurþunnri skyrtu, stuttu pilsu og bandaskóm sé vissulega töff, en þegar umhverfið er snjór og gaddur stingur það í stúf og heildarlúkkið verður hálfankannalegt. Niðurstaðan er því sú að við viljum vera töff, okkur langar að vera heitt og við viljum vera í samhengi við umhverfið. Ullin er ekki lengur bara eitthvað sem amma þrjónaði handa okkur. Ullin er orðin tískuvara og til eru margar fallegar útfærslur á þessari gömlu hönnun. Ullin er bæði fyrir karlmenn og konur, sniðin eru falleg og hægt er að fá peysurnar renndar, með hettum, með mismunandi hálsmálum og mynstrum. Ullin er heit tíska á þjóðlegum nótum sem yljá bæði auga og líkama.

Bútik. Ullarpeysa fyrir karlmenn.



Bútik. Kvenullarpeysa. Peysan er aðsniðin með eilítið víðara hálsmáli sem gerir hana sérstaklega kvenlega.



Handþrjónasambandið. Strákarnir geta svo verið í stíl við stelpurnar í klassískri ullarpeysu með íslensku peysumynstri.



Handþrjónasambandið. Falleg kvenullarpeysa með rennilás. Einnig er hægt að fá peysurnar með hettu. Ullarpeysurnar eru með vönduðu sniði sem falla vel að líkamanum.



Handþrjónasambandið. Ullarvesti. Mikil hugsun er lögð í axlarsniðið og er sérlega þægilegt að ganga í vestunum sem fara vel yfir hvaða flik sem er.



Bútik. Trefill úr þæfðri ull með gráleitri áferð. Trefillinn má nota á marga vegu, hálsklút, utan yfir buxur eða skyrtur og á fleiri máta. Trefillinn er hannaður með götum sem gefur rúm fyrir breytilegar útfærslur.



Handþrjónasambandið. Herðaslárnar eru það heitasta í tískunni í dag og ullarherðaslárnar eru kjörnar fyrir þjóðleg tískufrik.





Nytt  
Nytt  
Nytt

*Live*  
*passion*



© 2001 L'Oréal



Glæsileg peysa sem er fin og hversdagsleg í senn.

Ömmulegi stíllinn er vinsæll um þessar mundir.

## Hlýjar peysur og litríkar

Besta vetrarflíkin er peysur, hlýjar, þykkar og fallegar peysur.

Í góðri peysu verður manni ekki kalt.

Kuldinn bitur kinn og skinn á veturna. Lykillinn að vellíðan að vetrarlagi á Íslandi eru hlý föt og gegna peysur þar veigamiklu hlutverki. Í versluninni Noa Noa í Kringlunni er gott úrval af fallegum peysum. Allir ættu að finna eitthvað sem passar því allir litir eru til og sniðin, þau eru líka fjölbreytt.



Bleik og krúttuleg peysa fyrir dómurnar.



Sparileg peysa með skemmtilegu glitri og skrauti.



Hvít og falleg peysa sem umvefur mann á köldum degi.




## Úrval

### af sængurfatnaði

ný munstur, nýjir litir  
gæði, ending og góð þjónusta



Skólavörðustíg 21 • Sími 551 4050 • Reykjavík



Evans er vinsælt vörumerki frá Bretlandi sem býður uppá nýjustu tísku fyrir konur í stærðunum 16 - 32

Vetrarlínan er frábær, með áherslum frá árunum í kringum 1970. Mjög flott blanda af toppum, jökkum, kápum, gallabuxum, peysum ofl.ofl.

# Evans

HAGKAUP SMÁRALIND OG KRINGLUNNI

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*



# Stjörnur í dúðum

Fræga fólkinu verður líka kalt á sínu þykka skinni og þó svo að kuldinn sé ekkert endilega allsráðandi í Kaliforníu eru mörg vetrarföt svo flott að það er ekki möguleiki að sleppa því að spóka sig aðeins í þeim þrátt fyrir hátt hitastig. Húfur, treflar og svo auðvitað loðfeldir heilla stjörnurnar svo að þær láta einskis ófreistað að fá að skarta alvöru vetrarfötum eins og við klæðumst hér norður við heimskautsbaug.

Paris Hilton óttaðist kannski að það slægi að henni á tónleikum Rolling Stones í Hollywood, hún passaði að minnsta kosti að hafa húfu á höfðinu.



Sharon Stone er alltaf jafn glæsileg og ber hvítan loðfeld betur en flestar konur. Hann er reyndar ermalaus og veitir kannski ekki mikið skjól gegn veðri og vindum enda ekki þess þörf í Kaliforníu nema þegar stöku fellibylur bankar upp á.



Toni Braxton var svo mikið í mun að fá að vera í loðfeldi að hún klæddi sig nánast ekki í neitt innanundir svo henni yrði örugglega ekki of heitt.



olsen

Laugavegi 25 • sími 533 5500

An advertisement for Olsen featuring a woman with long brown hair, wearing a black long-sleeved top and blue jeans. She is leaning against a wooden surface. The Olsen logo is in a red box in the top left corner. The address and phone number are at the bottom.

Tískudrósín og vandræðagemsinn Kate Moss ber þennan glæsilega loðfeld af bæði tísku- og kuldalegri nauðsyn.



Jennifer Aniston mætti í þessari kápu á frumsýningu í London en hún er sjálfsgætt vanari því að geta verið berherðuð á rauða dreglinum.



# JÓLAGJÖFIN ÞEIRRA

**RESCUE**  
hettupeysa  
**4.990**

**RESCUE**  
úlpa  
**6.990**

**ADIDAS**  
bolur  
**4.990**

**SPARKZ**  
úlpa  
**4.990**

**SPARKZ**  
peysa  
**3.990**

**DIESEL**  
bolur  
**3.990**

**LEVI'S**  
gallabuxur  
**9.990**

**DIESEL**  
gallabuxur  
**7.990**

**CONVERSE**  
strigaskór  
**7.990**

**PUMA**  
skór  
**12.990**

**Deres**

Kringlunni s.512 1755 [www.ntc.is](http://www.ntc.is)

# Grænn, rauður og blár!

Verksmiðjan  
Hönnun: Anna Guðmundsd.

Kynning

Hönnun og myndir: Íris Dögg Pétursdóttir



Marc O' Polo  
Kr. 13.900

Marimekko kr. 10.500

Verksmiðjan  
Hönnun: Rósa Helgadóttir.

Aðaltískulitirnir í vetur ætla að vera rauður, grænn og brúnn ásamt hvíta litnum sem er sklassískur tískulitur. Blár og þá turky's blár hefur komið sterkur inn í sumar og verður áfram vinsæll í vetur. Rúllukragapeysurnar munu seint halla undan fæti þegar veturkonungur ber að dyrum en það er nauðsynlegt að eiga góða peysu til að halda á sér hita í kuldanum.

Verksmiðjan  
Hönnun: Þorbjörg  
Valdimarsd.



Red Green kr. 10.900

Marc O' Polo  
Kr. 9.900



Red Green kr. 11.900



Ríta kr. 8.900





**Nýtt**  
Á Íslandi

**jbs**

**Sokkar**





Allt í skemmtilegum stíl. Húfa, trefill og hanskar úr Benetton í Smáralind.

Húfa og trefill í stíl, bæði með snjókornum og pallíettum ef vel er að gáð. Fást í Debenhams í Smáralind.



# Húfutetur, hálsklút þó

Mmmm...  
vetur! Þykkir treflar sem vefjast um hálsinn og hægt er að hjúfra sig niður í. Mjúkar húfur til að halda hlýju á kollinum og eru einnig til prýði. Kannski allt í stíl, líka vettlingarnir. Eina árstíðin þar sem samviskusamlega er hægt að vera með trefill upp á hvern dag. Treflar klæða nefnilega marga alveg ótrúlega vel og úrvalið af þeim er slíkt að það er lítið mál að finna trefill við sitt hæfi. Svo er hægt að fara út í göngutúr eða að skemmta sér með trefillinn sem sitt aðalskart. Það er hægt að vera mjög finn í litlausri kápu og ljótum skóm ef trefillinn er litskrúðugur og fallegur. Og það sem er mikilvægast af öllu – trefilbera verður aldrei kalt!



Þessi trefill er heklaður og svo mjúkur að það er vel hægt að gleyma sér í honum. Fæst í mörgum litum í Benetton í Smáralind.



Glannalegur og glitrandi til að lífga upp á leiðinlegustu yfirhafnir. Úr Debenhams í Smáralind.

Þessi grófrjónaða húfa lofar að halda hlýju á hörðustu hausum. Úr Debenhams í Smáralind.



Flottur hettutrefill og flísfóðraðir vettlingar í stíl frá Handprjónasambandinu á Skólavörðustíg.



Dúskar eru áberandi í tískunni í vetur og enginn er svikinn af þessari dúskadýrð. Húfan og trefillinn fást í Debenhams í Smáralind.

Ladymissfoofoo  
Show you care

**Það allra vinsælasta  
í skarti í dag**



**Dreifingaraðili:  
Hafnarsport s. 517-3700**

*Hafnarsport ehf.*  
www.hafnarsport.is




**Heimagallar**

20% afsláttur þessa helgi

**CHANGE<sup>®</sup>**

SMÁRALIND  
Sími 517 7007



**ISIS**  
smáralind  
kringlan  
**PILGRIM**

1 árs afmæli ISIS kringlan  
Ella verður með kynningu laugardaginn  
12. nóvember



**Leðurjakkar verð kr. 9990  
Mörg snið margir litir**

**FLASH**

Laugavegi 54,  
sími 552 5201



Spútnik. Þrjónaður jakki með loðskinni.



## Svo loðið og svo mjúkt

Feldar, keipar og loðnir fylgihlutir halda á okkur hita og láta okkur líta vel út.

Loðnir fylgihlutir og loðnar flíkur sækja alltaf í sig veðrið þegar veturinn fer að sækja í sig kalda veðrið. Með lækkandi hitastigi verður veröldin loðnari og mýkri og hálsar hverfa ofan í fallega feldi. Loðfatnaður getur verið uppistaðan í fatavalinu en einnig er bæði fallett og stíliserað að nota loðna fylgihluti til að gefa hlýjan og fágaðan blæ. Skórnir geta þá verið loðnir í stíl við loðna húfu eða keip. Jakkinn getur verið loðinn, fallegur pels eða jakki með íburðarmiklum loðkraga, til að veða á móti gallabuxum eða örðum fatnaði. Smart og hlýtt, hvað biður maður um meira á Íslandi.



Spakmannsspjarir. Kanínufeldur með ól.



Spútnik. Selskinsskór fyrir strákana.



Spútnik. Keipur úr minkaskinni.



Spútnik. Sérlega loðin stígvél sem henta bæði körlum og konum.

GUCCI

POLO RALPH LAUREN

EMPORIO ARMANI

BAUSCH & LOMB

Elizabeth Arden

LINDBERG

KLIIK denmark

GIORGIO ARMANI

Safilo

PERRY ELLIS

DIESEL

**Góð verslun á góðum stað**



Gleraugnaverslunin í Mjódd  
Álfabakka 14 • 109 Reykjavík • Sími: 587 2123

Gleraugnaverslun Suðurlands  
Miðgarði • 800 Selfoss • Sími: 482 3949

Íslensk hönnun



HÚFUR  
SEM  
HLÆJA

Laugavegi 70  
[www.hsh.efh.is](http://www.hsh.efh.is)

TÍSKUVERSLUNIN Smart

**Gott úrval af fallegum peysum.**

Nýkomið:  
Buxur,  
peysur,  
toppar.

**-20% afsláttur á öllum fatnaði til jóla.**



Hafnarstræti 106, Akureyri, sími 462 4010 • Ármúli 15, Reykjavík, 588 8050

jean paul  
berlin



Tískuverslunin Steinunnar  
Hafnarstræti 97  
Krónan – Akureyri  
sími 462 2214





Útþrjónaðir  
herravettlingar,  
3.500 kr.



Slá, M-Design á  
11.130 kr.

## Fallegar ullarvörur með tilgang

Thorvaldsenfélagið selur íslenskar ullarvörur í Austurstræti og rennur allur ágóði til góðgerðamála.

Thorvaldsenbasar í Austurstræti 4 býður upp á mikið magn af fötum. Nánast allt í búðinni er úr íslenskrri ull og því afar hlýtt og gott á veturna og auðvitað sumrin líka. Finna má vörur sem ýmsir Íslendingar hafa þrjónað og einnig eru þar flíkur eftir hönnuðinn Margréti Árnadóttur, M-Design. Thorvaldsenbasar er starfræktur af Thorvaldsenfélaginu og verður 130 ára 19. nóvember næstkomandi. Allur ágóði rennur til góðgerðamála og um þessar mundir er verið að styrkja sykursjúk börn.



Nærbolir frá 1.700  
til 2.100 kr., fer  
eftir stærð.



Peysa með rennilás,  
10.600 kr.



Grá húfa á 3.570 kr.,  
grifflur á 2.510 kr. M-Design.



*J*  
**JAKOBS PELSAR**

Skólavörðungsgáta 2 · Sími: 544 8880

**Óplá**

mánudaga til fimfundaga kl. 12.00 - 18.00  
og laugardaga kl. 12.00 - 15.00



# Flískjólur í smábarnadeildinni

Ýmis barnaföt eru í búðum 66° Norður sem gagnast vel í kulda og frosti.

Nú þegar kuldinn bitur í kinnar og tær er mikilvægt að hafa útifötin góð. Finna má fót fyrir fólk á öllum aldri í 66° Norður en þeir voru að bæta við sig búð fyrir skemmstu í Bankastræti 5. Búðirnar bjóða upp á sérstaka smábarnadeild fyrir

aldurinn 0-18 mánaða þar sem ýmislegt leynist. Má þar nefna nýja tegund útgalla, sérhannaða fyrir börn sem eru ekki stífir eins og kraftgallarnir. Einnig má finna allt mögulegt úr flís, allt frá vettlingum til kjóla fyrir litlar stelpur.

Flísgalli sem auðvelt er að klæða barnið í.

Flíspeysa og -buxur fyrir ungbörn með góðri öndun.



LIJÓSMYNDIR/VALLI

Vatns- og vindheldur kuldagalli, góður fyrir leikskólann.

Flískjöll, húfa, sokkar og vettlingar sem hentar íslensku veðri.



# KONUQVÖLD

ZIKZAK Á BROADWAY 17. NÓVEMBER

Veislustjórar Gulla og Ilmur (Stelpurnar á Stöð2)

Strákarnir úr Herra Ísland sýna Oroblu nærföt

Diddú

Garðar Thor Cortes

Regína Ósk

Bergsveinn Arilíusson

Skítamóral

Tískusýning o.m.fl.



Garðar Thor Cortes

Frábær skemmtun



Bergsveinn Arilíusson

ZIKZAK  
T Í S K U H Ú S



Regína Ósk



Diddú



Skítamóral

Allar konur velkomnar í fyrirpartý sem hefst kl 18:00 í verslunum

ZikZak Hamraborg, Brekkuhúsum og Mörkinni.

Rútuferðir úr verslunum á Konukvöldið.

Konukvöld ZikZak er í samstarfi við:

BROADWAY



megosol



RÁS

OROBLU



{mist}  
Kjörmyndir & opætur  
877-1877



O.P.I  
Naglavörur

Verslunin Gæði & Mikti  
Sími. 568-1919 - Grensásvegji 12

Húsið opnar kl. 20:00. Ókeypis aðgangur.

Miðar í verslunum ZikZak, Broadway og á Rás 2



	MP & BRAGI <sup>10</sup>	SÓT	ÓNEFNDUR	FARA AFTUR	LAND	SKOKK	EFTIR T	GLUNDUR	FLANA	
	Á MÓTI				HUGLEIÐA					
	MÁTAR-SAMTÍN-INGUR				<sup>2</sup>		LÍÐA VEL			
		GOLF ÁHALD		FISKUR						
		DREPA								
		LAMPI								
HAFI Í HYGGJU					LELEGUR				GERA VID	FRÁ
X			50	<sup>3</sup>	GAT				YFIRGAF	
			GERIR VID		VARNINGUR				VÖRUMERKI	
EFTIR T		KLUKKAN		FIMM		YFIRLIÐ	PRÁ			FUGL
		FISKUR		DURTUR			KYNKIRTILL			TÖNN
HRÍNA					GIÐ	SKYGBNIS			<sup>6</sup>	FLAN
										SÁLDRA
			SÚREFNI							
						FOREFARIR		STYNJA	AF N-AFRÍSKUM ÞJÓÐFLOKKI	DRULLA
								BLAÐUR		
PRÓFGRÁÐA	ÓLÁN <sup>1</sup>		VEIKJA			HÆÐA				FROTSKEMMD
						RYKKORN				
ELLI		ÞREYTA	<sup>4</sup>		UNG				SÖNGL	
					ÖHREINKA					<sup>5</sup>
ÞREYTA				MINNKA				VINNA		

BaseCamp

Leystu krossgátuna!  
Þú gætir unnið 3gja mánaða áskrift á tónlist.is!



ÁSKRIFT  
Í 3 MÁNUÐI!

YFIR  
50.000  
LÖG!

 **TONLIST.IS**



Þú sendir SMS skýtið JA SVAR LAUSNARORÐIÐ á númerið 1900!

Dæmi hvemig SMS gæti lítið út ef svarið er Jón. Þá sendir þú SMS-ið JA SVAR JON.

Dregið úr réttum svörum n.k. þriðjudag kl. 12.

99 kr/SMS

## « Þátturinn »



## Hversdagslegar konur skopstældar og ýktar

Þann 16. nóvember næstkomandi mun Sjónvarpið hefja sýningar á bresku gamanþáttunum Catherine Tate Show. Þar bregður leikkonan Catherine Tate sér í ýmis gervi í stuttum grínatriðum en þættirnir verða á skjánum á miðvikudagskvöldum klukkan 21.25. Catherine Tate er afburðasnjöll í því að beita hinum margvíslegu mállýskum enskrar tungu og persónurnar sem hún skapar eru úr ýmsum áttum, flestar hversdagslegar konur skopstældar og ýktar út að ystu mörkum. Þar á meðal

eru Margaret sem hræðist skuggann sinn, Elaine sem er ástfangin af fanga sem býður aftöku, Karen sem ætlar ekki að láta fyrsta barnið sitt stjórna því hvernig hún lifir lífinu og írski hjúkkan Bernie sem hefur alla tíð lifað fyrir það að líkna sjúkum svo lengi sem það bitnar ekki á ást hennar á góðum mat og karlmönnum. Þættirnir fengu góða dóma í breskum blöðum og hafa unnið til verðlauna. Leikkonan Dawn French segir að Catherine Tate sé svo snjöll að það beri að tortíma henni tafarlaust.

## á fjarstýringunni

### Austfjarðatröll, ástir miðaldra fólks og stjörnulíf

LAUGARDAGURINN 12. NÓVEMBER / SJÓNVARPIÐ KL. 14.25 AUSTFJARÐATRÖLLIÐ er þáttur um rötgróna aflrauna-keppni á Austfjörðum sem krafta- og galdramaðurinn Njáll Torfason stendur fyrir árlega. Keppt var í 10 greinum á 6 stöðum: Egilsstöðum, Seyðisfirði, Vopnafirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Breiðdalsvík en meðal keppenda voru nokkrir af sterkustu mönnum landsins. Um dagskrárgerð sáú Ásgrímur Ingi Arngrímsson og Hjalti Stefánsson.



SUNNUDAGINN 13. NÓVEMBER / STÖÐ 2 KL.20.15 LIFE BEGINS. Ný þáttaröð af þessum gamansömu, bresku þáttum frá höfundum hinna vinsælu Cold Feet. Í fyrstu þáttaröðinni stóð Maggie, liðlega fertug tveggja barna móðir, á krossgötum í lífi sínu eftir að karlinn hennar ákvað að ganga út. Nú er Maggie komin út á vinnu- markaðinn og búin að kynnast Paul í gegnum stefnumótalinu en einmitt þegar ástin fer að gera vart við sig vill eiginmaðurinn koma heim aftur.



ÞRIÐJUDAGURINN 15. NÓVEMBER / SIRKUS KL. 21.30 Í ÞÁTTUNUM FABULOUS LIFE OF... er skyggst bak við tjöldin hjá þotuliðinu í Hollywood. Hver stjarnan á færur annarri er sett undir smásjána og áhorfandinn fær að fylgjast með hversdagslegu lífi hennar. Einstakt tækifæri til að sjá hvernig Hollywoodlífið er í raun og veru – 100.000 króna andlitskrem, bílaflotar og milljóna króna klæðnaður svo fátt eitt sé nefnt. Í fyrsta þætti eru Britney og Kevin í kastljósinu.



ÁSKRIFT: \$15/\$100 | WWW.STOQ2.IS | SKÍFAN | ÖG VODAFONE

ÞAD VAR LAGID

NÝJASTA ÆÐIÐ Í SJÓNVARPI – ÖLL LAUGARDAGSKVÖLD



föstudagur

**SJÓNVARPIÐ KL. 22.20**

**EYE FOR AN EYE** Bandarísk spennumynd frá 1996. Kona krefst þess að maður sem nauðgaði og myrta dóttur hennar sé geymdur bak við lás og slá. Kröfu hennar er hafnað og maðurinn látinn laus gegn skilorði en þá tekur konan til sinna ráða. Leikstjóri er John Schlesinger og meðal leikenda eru Sally Field, Ed Harris, Kiefer Sutherland, Joe Mantegna og Beverly D'Angelo. **Einkunn á imdb.com: 5,6.**

**SIRKUS KL.22.00**

**OPEN WATER** Mynd byggð á sannsögulegum atburðum. Ungt par fer í frí í kófunarleiðangur en gleymist síðan úti í miðju hafinu. Þar eru þau föst á reki án þess að vita hvar þau eru, hvert þau rekur eða það sem meira er, hvað sé fyrir meðan þau. Engar tæknibrellur voru notaðar við gerð myndarinnar og þurftu leikararnir að vera í sjónum umvafðir raunverulegum hákörtlum. Chris Kentis leikstýrir. **Einkunn á imdb.com: 6,0.**

**STÖÐ 2 BÍÓ KL.22.00**

**IN HELL** Hörkuspennandi hasarmynd af bestu gerð. Einginkona Bandaríkjamannsins Kyle LeBlanc var myrt og Kyle kom fram hefndum. Hann fékk lífstíðardóm, situr í fangelsi í Rússlandi og á enga von um náðun. Dvölin í fangelsinu er hreinasta vita en helsta dægurstyttingin er að etja föngunum saman í slagsmál. Aðalhlutverk: Jean-Claude Van Damme og Lawrence Taylor. **Einkunn á imdb.com: 5,7.**

laugardagur



**SJÓNVARPIÐ KL. 22.30**

**IGBY GOES DOWN** Bandarísk bíómynd frá 2002. Igby Slocumb er sautján ára strákur sem leitar sér huggunar í faðmi eldri kvenna eftir að móðirin fær krabbamein og faðirinn veikist á geði. Hann fer að heiman og freistar gæfunnar meðal bóhema á Manhattan en væntingarnar eru ekki alltaf í samræmi við veruleikann. Meðal leikenda eru Kieran Culkin, Claire Danes, Jeff Goldblum, Ryan Phillippe og Susan Sarandon. **Einkunn á imdb.com: 7,1.**

**STÖÐ 2 BÍÓ KL.22.00**

**FARGO** Bílasali fær illa þokkaða náunga til að ræna konunni sinni. Ætlunin er að hirða megnið af lausnargjaldinu sem forrikr tengdafaðir hans á að punga út. En ekkert fer eins og ætlað var. Bræðurnir Ethan og Joel Coen unnu mikinn sigur með þessari úrvalsemynd og fengu meðal annars Óskarsverðlaunin fyrir handritið. Aðalhlutverk leika Frances McDormand, William H. Macy, Steve Buscemi. **Einkunn á imdb.com: 8,2.**

sunnudagur

**SJÓNVARPIÐ KL.22.45**

**HIMALAYA – L'ENFANCE D'UN CHEF** Frönsk/nepölsk bíómynd frá 1999. Gamall höfðingi missir son sinn og kennir vini hans, Karma, um hvernig fór. Höfðinginn neitar að gefa Karma blessun sína sem nýr höfðingi. Myndin var tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta erlenda myndin og hlaut þar að auki sjö verðlaun ásamt einni tilnefningu. Eric Valli leikstýrir. **Einkunn á imdb.com: 7,3.**



**STÖÐ 2 KL.00.05**

**DRAGONFLIES** Þessi norska verðlaunamynd er seiðmagnað og sálfræðilegt spennudrama um par sem gerir óvæntingarfulla en árangurslitla tilraun til að flýja fortíðina. Handrit myndarinnar er eftir Nikolaj Frobenius sem gerði meðal annars handritið að Imsomnia. Aðalhlutverk leika Mikael Persbrandt, Maria Bonnevie, Kim Bodnia. Marius Holst leikstýrir. **Einkunn á imdb.com: 5,7.**

**DR2 KL.21.00**

**AGNES OF GOD** Dramatísk mynd frá 1985. Geðlæknirinn Martha Livingston fær óvenjulegt verkefni upp í hendurnar þegar nýfætt barn finnst andvana í nunnuklaustri. Abbadísín hjálpar Mörthu að finna út hver faðirinn, móðirin og morðinginn sé. Einnig er systir Agnes henni hulin ráðgáta, hvar kemur hún inn í spilið? Aðalhlutverk leika Jane Fonda, Anne Bancroft og Meg Tilly. Norman Jewison leikstýrir. **Einkunn á imdb.com: 6,4.**

mánudagur

**STÖÐ 2 BÍÓ KL.20.05**

**TITANIC** Stórmynd James Cameron í öllu sínu veldi. Hún segir frá því þegar skipið Titanic sökk í jómfrúarferð sinni en fullyrðingar voru um það áður en skipið lagði úr höfn að það væri ósökkvandi. Sagnfræðilegar nákvæmni er gætt hvað sjálfstýrt varðar og var skipið endursmíðað og notað sem kvikmyndaver fyrir bíómyndina. Aðalhlutverk leika Kate Winslet og Leonardo Di Caprio. **Einkunn á imdb.com: 7,0.**



**STÖÐ 2 BÍÓ KL.23.15**

**MONSTER'S BALL** Hank Grotowski er kynþátta-hatari sem starfar á dauðadeild fangelsis. Hann kynnist blökkukonunni Leticia Musgrove og þau taka upp náið samband. Hvorugt veit hins vegar að Hank átti þátt í aftöku eiginmanns hennar. Halle Berry fékk Óskarinn fyrir frammistöðu sína í myndinni. Aðalhlutverk leika Billy Bob Thornton, Halle Berry, Peter Boyle og Heath Ledger. **Einkunn á imdb.com: 7,3.**

þriðjudagur

**SJÓNVARPIÐ KL. 22.40**

